

ÚTTEKT Á STARFSEMI


Öxarfjarðarskóla

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

29. maí 2012

ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

Árný Elíasdóttir og Svava Bernhard Sigurjónsdóttir



Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus - mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, börnum og foreldrum, fulltrúum fræðslunefndar og sveitarstjórnar og starfsfólki Skólaþjónustu Norðurbings fyrir aðstoð við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 29. maí 2012

Árný Elíasdóttir og Svava Bernhard Sigurjónsdóttir

Efnisyfirlit

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM	6
1. INNGANGUR	8
1.1. Gagnaöflun.....	8
2. SKÓLINN OG UMhverfi hans	9
2.1. Helstu einkenni	9
2.1.1. <i>Nemendur</i>	9
2.1.2. <i>Mannauður</i>	10
2.2. Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins	13
2.3. Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslur þættir leik- og grunnskólans.....	13
2.3.1. <i>Grunnskólastig</i>	14
2.3.2. <i>Leikskólastig</i>	14
2.4. Tengsl skólastiga	14
2.5. Próunarverkefni	15
2.5.1. <i>Lengd viðvera</i>	15
2.6. Hagræðingaraðgerðir og innleiðing lag og reglugerða	16
2.7. Húsnæði, aðbúnaður og skólalóð.	16
2.7.1. <i>Húsnæði og aðbúnaður</i>	16
2.7.2. <i>Útisvæði</i>	17
2.7.3. <i>Eftirlit, öryggi og slysavarnir</i>	17
2.8. Mat úttektaraðila	18
3. STJÓRNUN OG REKSTUR	21
3.1. Skólaráð	21
3.2. Stjórnskipulag og skipurit	22
3.3. Ákvarðanatataka	23
3.4. Ársskýrsla og starfsáætlun.....	23
3.5. Nemendaráð.....	23
3.6. Áfalla- og umhverfisráð.....	23
3.7. Mat úttektaraðila	24
4. SKÓLANÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA.....	25
4.1. Tengsl skólanámskrár við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags	25
4.2. Námsmat.....	26
4.2.1. <i>Samræmd könnunarpróf</i>	26
4.2.2. <i>PISA</i>	27
4.3. Mat úttektaraðila	27
5. SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLA.....	29
5.1. Mat úttektaraðila	29
6. NÁM OG KENNSLA VIÐ GRUNNSKÓLANN.....	30
6.1. Kennsluhættir og fjölbreytni	30
6.2. Heimanám.....	30

6.3. Lýðræði.....	31
6.4. Mat úttektaraðila	31
7. UPPELDI, MENNTUN OG UMÖNNUN Í LEIKSKÓLANUM.....	32
7.1. Dagskipulag leikskólans	32
7.2. Leikur og nám.....	32
7.3. Leikefni og efniviður.....	33
7.4. Líðan nemenda	33
7.5. Lýðræðisþjálfun	33
7.6. Samskipti, agi og hegðun.	34
7.7. Mat úttektaraðila	34
8. GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR, LEIÐARLJÓS OG NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA.....	35
8.1. Samþætt og skapandi leikskólastarf.	35
8.1.1. Læsi og samskipti	35
8.1.2. Sjálfbærni og vísindi	35
8.1.3. Heilbrigði og velferð	36
8.1.4. Sköpun og menning	36
8.1.5. Lýðræði og mannréttindi.....	36
8.1.6. Jafnrétti	37
8.2. Mat úttektaraðila	37
9. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI.....	38
9.1. Starfsandi og ánægja.....	38
9.2. Samskipti	39
9.3. Jafnrétti	39
9.4. Einelti.....	39
9.5. Félags- og tómstundastarf	40
9.6. Mat úttektaraðila	40
10. INNRA MAT	41
10.1. Mat úttektaraðila	41
11. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGSL.....	42
11.1. Samstarf.....	42
11.1.1. Foreldrafélag	43
11.2. Lýðræði, þátttaka og upplýsingaflæði.....	43
11.4. Mat úttektaraðila	43
12. SÉRKENNSLA OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGS	44
12.1. Fyrirkomulag og aðgengi	44
12.2. Eftirfylgni í framhaldi af greiningu.....	44
12.3. Nemendaverndarráð	44
12.4. Ráðgjöf til kennara	45
12.5. Sjúkrakennsla.....	45
12.6. Skólaheilsugæsla	45

12.7. Mat úttektaraðila	45
13. MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS	46
13.1. Mat úttektaraðila	46
14. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA	47
14.1. Styrkleikar og veikleikar	47
14.2. Ógnanir og tækifæri	47
14.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta	48
HEIMILDIR	49
VIÐAUKAR	51
Viðauki 1. Viðmiðunarstundaskrá og skipting kennslustunda skv. aðalnámskrá 2011	51
Viðauki 2. Dagskipulag leikskóladeildar á Kópaskeri 2011 – 2012.	53

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Öxarfjarðarskóla. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Úttektin er gerð á grundvelli 20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008, 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og skv. þriggja ára áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins um ytra mat. Jafnframt er vísað til umsóknar Norðurlæknis um úttekt á starfsemi skólans. Í úttektinni var lagt mat á stefnu og stjórnun, skipulag starfs, innra mat og sérfræðipjónustu sveitarfélagsins. Niðurstöður skólans á samræmdum prófum og PISA voru rýndar og hvernig skólinn nýtir þær. Þá beindist úttektin að mati á og eftirliti sveitarfélagsins og hvernig það nýtist skólanum.

Sameining skólanna við Öxarfjörð árið 2000 virðist að mörgu leyti hafa heppnast vel. Öxarfjarðarskóli er heildstæður skóli á leik- og grunnskólastigi. Nemendur eru 54 og starfsmenn 21. Sjö af tíu kennurum grunnskólans og báðir leikskólakennarar hafa réttindi til kennslu. Allir stuðningsfulltrúar og skólaliðar hafa sótt sérstakt nám en kennarar telja þörf á fjölþættari endurmenntun. Sveitarfélagið Norðurlæknir hefur mótað sér skólastefnu sem var samþykkt í maí 2012. Stefna grunnskólastigs hefur verið endurskoðuð m.t.t. aðalnámskrár en ekki virðist nægilegt samræmi eða samfella í stefnum beggja skólastiga og stefna leikskólastigsins hefur ekki verið endurskoðuð. Í stefnu skólans er *Uppeldi til ábyrgðar* lagt til grundvallar en svo virðist sem hugmyndafræðin hafi ekki verið innleidd nægilega markvisst. Skólinn á í margvíslegu samstarfi við nærsamfélagið. Húsnæði skólans er rúmgott og að mestu leyti vel búið en tækjabúnaður og húsgögn eru þó orðin nokkuð úr sér gengin og tölvur starfsmanna fáar. Þá hefur mótuneyti verið lengi í bráðabirgðahúsnæði. Húsnæði og útisvæði hefur verið tekið út reglulega en uppfyllir ekki að öllu leyti kröfur þar um. Rekstur ferðapjónustu á svæði skólans yfir sumartímann getur t.d. valdið ákveðinni hættu fyrir nemendur. Hagræðingaradgerðir sveitarfélagsins virðast ekki hafa haft mikil áhrif á faglegt starf en svo getur orðið haldi niðurskurður áfram. Smæð samfélagsins hefur gert skólanum erfitt í sumum tilfellum að uppfylla lög og reglugerðir.

Skipurit skólans og stjórnskipulag hentar ekki að öllu leyti stærð hans og verkefnum þar sem stjórnun leikskóla og grunnskóla er ekki nægilega samræmd. Lögð er mikil áhersla á þátttöku allra starfsmanna í ákvörðunum og í könnunum grunnskólastigs kemur fram ánægja með samskipti við stjórnendur. Óformleg starfsmannasamtöl hafa verið við alla starfsmenn og starfslýsingar liggja fyrir á grunnskólastigi. Sérstakur starfsmannasáttmáli er milli starfsmanna og samskipti almennt góð. Fræðslu- og menningarnefnd virðist gegna hlutverki sínu vel. Nemendaráð er ekki mjög virkt, m.a. vegna fjarlægða, en svo virðist sem lengd viðvera komi að mörgu leyti í stað hefðbundins félagslífs. Nemendur á grunnskólastigi taka þátt í að ákvarða leiðir í námi sínu en nemendur leikskólastigs hafa takmarkaða aðkomu að ákvörðunum.

Skólanámskrá grunnskólans hefur verið löguð að nýrri aðalnámskrá með aðkomu allra starfsmanna grunnskóladeildar og þar eru grunnþættir menntunar samþættir skólastarfinu. Skólanámskrá leikskólans hefur ekki verið endurskoðuð og námskrár beggja skólastiga því ekki samræmdar. Þá hafa foreldrar og skólaráð haft litla aðkomu að skólanámskrá. Skólinn styðst við fjölbreyttar námsmatsaðferðir. Skilgreindir eru þekkingar- og hæfnisþættir og nemendur eiga kost á að uppfylla námsmarkmið með mismunandi hætti en ekki eru skilgreind árangursviðmið þar sem í einstaklingsmiðuðu námi geta viðmið um námsárangur að einhverju leyti verið breytileg. Foreldrar, nemendur og starfsmenn grunnskólans eiga fundi um árangur einu sinni á önn. Skólinn vinnur að áhugaverðum þróunarverkefnum en lítill bókakostur gæti hamlað þeim.

Kennsluhættir grunnskólans eru mjög fjölbreyttir, m.a. mikið samvinnunám nemenda og sköpun. Sátt virðist að mestu ríkja milli skóla og foreldra um heimanám. Heildarfjöldi kennslustunda skólaárin 2010 - 2012 var yfir viðmiðum aðalnámskrár. Fleiri kennslustundir voru í listgreinum og í 1.- 4. bekk en færri á mið- og unglingastigi sem er að hluta til bætt upp með lengdri viðveru. Árangur nemenda skólans á samræmdum prófum 2007 – 2011 og í PISA 2009 var yfir landsmeðaltali og meðaltali skóla á Norðurlandi eystra. Skólabragur og starfsandi er almennt jákvæður og líðan nemenda og starfsmanna góð sem staðfestist í könnunum í grunnskólanum. Ekki er markvisst fylgst með starfsanda og líðan í leikskólahluta. Meðferð agamála er ekki samræmd m.t.t. *Uppeldi til ábyrgðar* og ekki er brugðist við einelti með formlegum eða samræmdum hætti. Jafnréttis meðal nemenda virðist gætt. Skólinn styðst við ákveðið sjálfsmatskerfi en það hefur ekki verið innleitt að öllu leyti og matið því ekki fullnægjandi. Aðgangur foreldra að upplýsingum um skólastarfið er misjafn og þeir gætu tekið enn virkari þátt í skólastarfinu og ákvörðunum um það. Aðgangur skólans og foreldra að sérfræðipjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga og almenn ánægja með Skólaþjónustu Norðurbings.

Helstu styrkleikar skólans eru sterkur og stöðugur starfsmannahópur, þátttaka starfsmanna í ákvörðunum, smæð skólans, einstaklingsmiðað nám, samvinna og samhjálp, góður árangur á samræmdum prófum og gott samstarf við grenndarsamfélag. Veikleikar hans eru þeir helstir að stefnumótun, stjórnun og innra mat á leik- og grunnskólastigi er ekki með samræmdum hætti, *Uppeldi til ábyrgðar* er ekki að fullu innleitt og eineltisáætlun liggur ekki fyrir. Helstu tillögur til úrbóta eru að skólastjóri taki faglega forystu í stefnumótun og stjórnun m.a. með samræmdri námskrá og innra mati og allir aðilar skólasamfélagsins komi þar að. Ljúka þarf við starfslýsingar á leikskóla, móta stefnu um leikefni og efnivið, auka lýðræði barnanna og bæta öryggi þeirra. Virkja þarf skólaráð og kynna fulltrúum betur hlutverk sitt. Til að koma til móts við þarfir fyrir aukna endurmenntun mætti auka samstarf við aðra skóla t.d. í þróunarverkefnum. Sveitarfélagið sjái til þess að skólastefna þess verði útfærð og að ytra og innra mat fari fram.

1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Öxarfjarðarskóla. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Úttektin er gerð á grundvelli 20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008, 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og skv. þriggja ára áætlun ráðuneytisins um ytra mat. Jafnframt er vísað til umsóknar Norðurbings um úttekt á starfsemi skólans. Í úttektinni var lagt mat á stefnu og stjórnun, skipulag starfs, innra mat og sérfræðipjónustu sveitarfélagsins. Niðurstöður skólans á samræmdum prófum og PISA voru rýndar svo og hvernig skólinn nýtir þær. Þá beindist úttektin að mati á og eftirliti sveitarfélagsins með skólastarfinu og hvernig það nýtist honum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannaúði og ráðgjöf úttektina. Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum. Síðan er gerð grein fyrir Öxarfjarðarskóla og niðurstöðum úttektarinnar og styrkleikum og veikleikum, ógnunum og tækifærum skólans. Að lokum eru tillögur til úrbóta.

1.1. Gagnaöflun

Úttektin byggir á fyrirliggjandi gögnum tengdum starfsemi skólans (sjá nánar í heimildalista), viðtölum og skólaheimsóknunum 14. og 15. mars 2012. Mikil töf var á afhendingu gagna en gögn voru almennt góð nema lítil gögn voru frá leikskólastiginu.

Tekin voru viðtöl við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, fundað með deildarstjórum, kennurum, fulltrúum starfsmanna, nemenda, foreldra, skólaráði, öryggisfulltrúa, bæjarstjóra og fræðslu- og menningarfulltrúa Norðurbings, fulltrúum skólaþjónustu Norðurbings og fulltrúum fræðslu- og menningarnefndar og verkstjóra Norðurbings á Kópaskeri. Alls var rætt við 62 manns. Skólastjóri og úttektaraðilar völdu viðmælendur m.a. í samvinnu við trúnaðarmann. Markmiðið með viðtölum og fundum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila til skólastarfsins og stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat ráðuneytisins beindist að.

2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS

Öxarfjarðarskóli tók til starfa haustið 2000 við sameiningu Grunnskólans í Lundi og Grunnskólans á Kópaskeri. Jafnframt rann leikskóli á hvorum stað saman við skólana. Í dag er grunnskólinn í Lundi en leikskóladeild er rekin í tveimur aðskildum stofnunum, í Lundi og á Kópaskeri, en um 30 km eru þar á milli. Staðsetning skólans í Öxarfirði var valin svo jafn langt væri fyrir mikinn meirihluta nemenda að sækja skólann, um 30 km. Nemendur skólans eru 54 og starfsmenn 21.

Að sögn kennara hefur ekki verið full sátt um sameininguna en það virðist nú vera að breytast til batnaðar. Ekki hefur verið deilt um faglegt starf skólans í tengslum við sameininguna heldur fyrst og fremst staðsetningu hans¹. Mest óánægja hefur að sögn foreldra, verið meðal íbúa á Kópaskeri og er hún að þeirra mati að miklu leyti tilkomin vegna þess að kjarni samfélagsins þar fór með tilfærslu skólans.² Að sögn starfsmanna bar sameininguna of fljótt að en hún hafi engu að síður verið jákvætt skref. Umfjöllun um sameiningu skólanna hafði verið í deigluinni í þó nokkur ár³.

Í samtölum við kennara, starfsmenn, foreldra og nemendur kom fram að helstu kostir sameiningarinnar væru aukinn möguleiki á félags- og tómstundastarfi meðal nemenda, fleiri nemendur í hverjum árgangi, aukin samfella í skólagöngu, möguleiki á að kynnast starfsemi leikskólans betur, aukið faglegt starf og möguleiki á að geta heimsótt systkini á öðru skólastigi. Ókostir væru þeir helstir að nemendum gæfist ekki kostur á að ganga úr og í skóla, að þeir þyrftu að ferðast með skólabíl um klukkustund á dag og að kjarni samfélagsins á Kópaskeri væri farinn.⁴

2.1. Helstu einkenni

Skólinn er staðsettur í birkivöxnu umhverfi Öxarfjarðar og við fjöruna í Kópaskeri. Helsti ókostur við staðsetningu skólans í Öxarfirði er að nemendur og starfsfólk þurfa að fara yfir þjóðveg til þess að sækja íþróttahúsnæði skólans⁵. Árlegur kennslutími skólaársins 2010 – 2011 voru alls 180 dagar þar af 170 kennsludagar og 10 aðrir skóladagar⁶. Nemendur skólans hafa ekki orðið af kennslustundum vegna forfalla kennara þar sem nemendur fá ávallt forfallakennslu⁷. Umfang forfallakennslu í grunnskóladeild skólans skólaárið 2010- 2011 voru 94 kennslustundir.

2.1.1. Nemendur

Við grunnskólann stunda 40 nemendur nám. Tveimur til þremur árgöngum í grunnskóladeild er kennt saman og er meðalstærð bekkja í samkennslu um níu

1 Rýnihópur kennara Öxarfjarðarskóla

2 Rýnihópur foreldra Öxarfjarðarskóla

3 Rýnihópur starfsmanna Öxarfjarðarskóla

4 Rýnihópur með kennurum, rýnihópur starfsmanna, rýnihópur foreldra og rýnihópur nemenda Öxarfjarðarskóla

5 Gagnalisti Öxarfjarðarskóla

6 Skýrsla Öxarfjarðarskóla til Hagstofu Íslands vegna skólaársins 2010 - 2011

7 Gagnalisti Öxarfjarðarskóla

nemendur. Sérkennsla fer þó fram í minni hópum eða maður á mann í ljósi sérþarfa. Í leikskóladeild eru 14 börn en hún er tvískipt, annars vegar í Lundi og hins vegar á Kópaskeri. Meðalfjöldi barna í hópi í Lundi hefur verið um 10-11 börn og 6-7 börn á Kópaskeri⁸. Skiptingu nemenda á bekki og deildir skólans fyrir skólaárið 2011 – 2012 má sjá í töflu 1.

Tafla 1. Skipting nemenda eftir deildum og bekkjum 2011 – 2012.

Deild/bekkur	Fjöldi nemenda
1. bekkur	2
2. bekkur	4
3. bekkur	0
4. bekkur	5
5. bekkur	4
6. bekkur	5
7. bekkur	4
8. bekkur	5
9. bekkur	2
10. bekkur	9
Leikskóladeild í Lundi	8
Leikskóladeild á Kópaskeri	6

2.1.2. Mannauður

Við skólann starfar 21 starfsmaður þar af eru 86 % konur og 14 % karlar⁹. Í leikskóladeild eru sjö starfsmenn ásamt íþróttakennara sem starfar einnig við grunnskólanum. Starfsmenn grunnskólans eru 14.

2.1.2.1. Starfsaldur, starfsmannavelta og starfsmannasamtöl

Skólinn hefur ekki yfir að ráða tölulegum upplýsingum um starfsmannaveltu en að sögn skólastjóra er ekki mikil hreyfing á starfsfólki, skólinn búi við nokkurn stöðugleika í þeim efnum vegna sterks og samheldins starfsmannakjarna. Tveir kennarar eru á leikskólastigi, annar þeirra hefur starfað við leikskólann í 18 ár og hinn í 11-13 ár þar af sex ár með réttindi sem leikskólakennari. Meðalstarfsaldur kennara við skólann í heild er tæp átta ár.

Starfsmannasamtöl við alla starfsmenn skólans, grunn- og leikskólastig, hafa verið óformleg og fóru síðast fram í maí 2012¹⁰. Áætlanir eru uppi meðal skólastjórnenda um að gera starfsmannasamtöl formlegri og hefja á þeim skráningu¹¹. Að sögn starfsmanna hefur verið almenn ánægja með framkvæmd starfsmannasamtala,

⁸ Gagnalisti Öxarfjarðarskóli

⁹ Starfsfólk af heimasíðu Öxarfjarðarskóla

¹⁰ Gagnalisti Öxarfjarðarskóli

¹¹ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Öxarfjarðarskóla

ennfremur kemur fram það viðhorf að endurgjöf skólastjóra hafi í kjölfarið verið tíðari yfir skólaárið og aðgengi starfsmanna að honum sé gott¹².

2.1.2.2. Menntun kennara og móttaka nýrra starfsmanna

Kennarar grunnskólastigs eru 10 þar af eru sjö með kennsluréttindi þar með talið skólastjóri og aðstoðarskólastjóri, tveir leiðbeinendur og einn iðjuþjálfari. Í töflu 2 má sjá sérhæfingu og menntun kennara grunnskólans¹³. Kennarar á leikskólastigi eru tveir og hafa þeir báðir kennsluréttindi. Allir stuðningsfulltrúar og skólaliðar sem starfa hjá skólanum hafa sótt námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliðabraut við framhaldsskólann á Húsavík¹⁴.

Til eru starfslýsingar fyrir alla starfsmenn grunnskólans¹⁵. Að sögn skólastjóra voru starfslýsingar gerðar í flýti fyrir nokkrum árum og þörf á endurskoðun þeirra¹⁶. Ekki eru til starfslýsingar fyrir störf á leikskólastigi¹⁷.

Tafla 2. Sérhæfing og menntun kennara á grunnskólastigi.

Sérhæfing og menntun kennara	Fjöldi
Íslenskukjörsvið frá KHÍ	2
Dönskukjörsvið frá KHÍ	1
Stærðfræðikjörsvið frá KHÍ	1
Stjórnunarnám frá LMI	2
BA í spænsku ásamt kennsluréttindum	1
BS í búvísindum ásamt kennsluréttindum	1
Íþróttabraut Framhaldsskólans á Laugum	1
Búfræðingur frá Hvannaeyri	1
Iðjuþjálfari	1
Smiður	1

*ATH- að baki sérhæfingu og menntun kennara standa 10 einstaklingar

2.1.2.3. Endurmenntun

Að sögn skólastjóra þá heldur grunnskólafulltrúi Skólaþjónustu Norðurlands utan um endurmenntunarnámskeið í samstarfi við skólann ásamt því að skólinn stendur fyrir eigin námskeiðum¹⁸. Skólinn hefur endurmenntunaráætlun fyrir skólaárið 2011 - 2012. Þar eru lagðir fram átta áhersluþættir í endurmenntun starfsfólks sem eru eftirfarandi¹⁹:

1. Efla færni kennara í samkenndu með námskeiðum um kennslufræði samkenndu eftir því sem þau bjóðast.
2. Styrkja gerð kenndu og námsáætlana í aldurs og getublönduðum hópum.
3. Áframhaldandi vinna með *Uppbyggingarstefnuna*.

¹² Fundur með deildarstjórum Óxarfjarðarskóla

¹³ Gagnalisti Óxarfjarðarskóla

¹⁴ Rýnihópur starfsmanna Óxarfjarðarskóla

¹⁵ Starfslýsingar

¹⁶ Gagnalisti Óxarfjarðarskóla

¹⁷ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og fundur með deildarstjórum Óxarfjarðarskóla

¹⁸ Gagnalisti Óxarfjarðarskóla

¹⁹ Litlu visir og stóru visir 2011 – 2012, bls. 38-39

4. Nýsköpun og frumkvöðlastarf m.a. með námskeið *Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands* og kynningum frá *Impru*.
5. Endurskoðun og efling námsmats með áherslu á einstaklingsmiðað mat,
6. Mat á skólastarfinu.
7. Auka vellíðan á vinnustað.
8. Styðja eftir megni við kennara sem sækja sér aukna menntun/fræðslu.

Endurmenntunaráætlunin á bæði við starfsmenn leik- og grunnskólastigs. Í mars 2012 var ekki búið að koma meirihluta þeirra áherslna sem settar voru fyrir skólaárið 2011 – 2012 í framkvæmd²⁰ en allir starfsmenn tóku þátt í þingdegi Norðurljósa í tengslum við starfsemi skólans þar sem m.a. var fjallað um nýja aðalnámskrá²¹.

Aðkoma starfsfólks beggja skólastiga að mótun endurmenntunaráætlunar er takmörkuð. Skólastjóri sendir ábendingar starfsmanna vegna endurmenntunar til skólaskrifstofu, en áætlunin er gerð af starfsmanni þar og sameinar hann þar óskir allra skóla sem heyra undir þjónustusvæði Skólaljósa Norðurljósa. Misjafnt er hve mikið af því sem skólinn óskar eftir kemst inn í endurmenntunaráætlun skólaljósa²².

Skólinn styður við nýja kennara og leiðbeinendur í starfi. Sveigjanleiki er fyrir starfsmenn óski þeir að sækja sér aukna þekkingu. Ennfremur er lögð áhersla á að stjórnendur séu nýjum starfsmanni innan handar og hvetji hann til að leita ráða meðal annarra starfsmanna. Sveitarfélagið hefur stutt nýja leiðbeinendur í starfi. Stuðningurinn hefur að mestu falið í sér fjárhagslegan stuðning ef leiðbeinandi hefur óskað eftir að sækja sér kennsluréttindi²³.

Mikill skilningur kom fram meðal starfsfólks á skorti sveitarfélagsins á fjármunum til að verja í endurmenntun og almenn sátt er um hvernig fyrirspurnir um endurmenntun eru afgreiddar af sveitarfélaginu²⁴. Að mati starfsmanna skólans er framboð á endurmenntun þó ekki nægilegt. Það viðhorf kom fram að ekki væri nægileg endurmenntun starfsmanna í skólanum eða á nánasta svæði í kring. Starfsmenn skólans benda á að sífellt dýrara sé fyrir þá að sækja sér endurmenntun vegna fjarlægðar²⁵.

2.1.2.4. Jafnrétti

Almennt telja starfsmenn að jafnréttis sé gætt í skólanum. Lítil stéttaskipting sé milli starfsfólks og skólastjóri leggi mikla áherslu á þátttöku allra starfsmanna í ákvörðunartöku. Í starfsmannasáttmála skólans, sem undirritaður er af öllum starfsmönnum hans, segir ennfremur: *Við umgöngumst á jafnréttisgrundvelli og er starfsmaður áminntur ef hann brýtur hann*. Einstaklingur af erlendum uppruna starfar við skólann og hefur hann ekki fundið fyrir misrétti sökum uppruna síns²⁶.

²⁰ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Öxarfjarðarskóla

²¹ Rýnihópur starfsmanna Öxarfjarðarskóla

²² Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, rýnihópur starfsmanna, rýnihópur kennara Öxarfjarðarskóla

²³ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og rýnihópur starfsmanna Öxarfjarðarskóla

²⁴ Rýnihópur kennara Öxarfjarðarskóla

²⁵ Rýnihópur kennara og rýnihópur starfsfólks Öxarfjarðarskóla

²⁶ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, rýnihópur kennara og rýnihópur starfsmanna Öxarfjarðarskóla

2.1.2.5. Fjarvistir

Óskað var eftir fjarvistaskýrslum frá skólanum vegna yfirstandandi skólaárs og skólaársins 2010 – 2011. Samantekt um fjarvistir yfirstandandi skólaárs voru afhentar frá september til apríl. Í töflu 3 er að finna upplýsingar um fjarvistir meðal starfsmanna Öxarfjarðarskóla²⁷. Greiningin er bæði fyrir skólann í heild og eftir deildum hans. Fjarvistaskráningar skólans gáfu ekki kost á að greina fjarvistir starfsmanna nánar. Ekki voru til gögn um fjarvistir skólaársins 2010 – 2011 þar sem þeim hafði verið hent í ógáti, að sögn skólastjóra.

Tafla 3. Fjarvistir starfsmanna borið saman við meðaltal ParX árið 2007

	Meðaltal ParX 2007	Öxarfjarðarskóli 2011-2012*
Fjarvistadagar á starfsmann á ári	10,9	11,6
Grunnskóladeild		8,6
Leikskóladeild Kópaskeri		15,4
Leikskóladeild Lundi		10,9
Fjarvistarhlutfall	4,4%	4,7%

*Fjarvistir sept 2011 – apríl 2012, deilt með mán. fjölda og margfaldað með 12, deilt með starfsmannafjölda

2.2. Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins

Samkvæmt lögum um leikskóla (nr.90/2008) og grunnskóla (nr.91/2008) er sveitarfélögum skylt að koma á almenntri stefnu um leik- og grunnskólahlald í sveitarfélaginu, kynna hana íbúum og gera aðgengilega. Skólastefna sveitarfélagsins Norðurlþings var samþykkt á fundi sveitarstjórnar í maí 2012. Stefnan tekur að sögn fræðslu- og menningarfulltrúa sveitarfélagsins mið af nýjum lögum og aðalnámskrá. Árið 2008 voru skipaðir sérstakir vinnuhópar í Norðurlþingi með það að markmiði að móta stefnu og framtíðarsýn um skólastefnu sveitarfélagsins. Hóparnir voru sjö, sex einstaklingar í hverjum hópi, sem komu úr röðum foreldra, stjórnenda, kennara og nemenda víðs vegar úr sveitarfélaginu. Hóparnir störfuðu undir stjórn lektors við Háskólann á Akureyri og voru faglegar athugasemdir og sjónarmið höfð til hliðsjónar²⁸.

2.3. Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslur þættir leik- og grunnskólans

Að sögn stjórnenda starfa leik- og grunnskólastig Öxarfjarðarskóla hvorki eftir sömu stefnu né sömu skólanámskrá. Það beri þó að hafa í huga að stefnur skólastiganna skarist. Til að mynda starfi bæði stigin eftir *Uppeldi til ábyrgðar* og aðferðarfræði Dewey.

²⁷ Samantekt um fjarvistir frá Öxarfjarðarskóla

²⁸ Vefsíða Norðurlþings

Stefnur skólastiganna hafa, að sögn stjórnenda, ekki tekið mið af skólastefnu sveitarfélagsins þar sem sú stefna var enn í vinnslu þegar úttekt fór fram²⁹.

2.3.1. Grunnskólastig

Samkvæmt skólanámskrá Öxarfjarðarskóla er stefna hans eftirfarandi:

*Lögum samkvæmt er hlutverk grunnskólans að búa nemendur undir líf í lýðræðis-
þjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Öxarfjarðarskóli telur að það verði best gert með
því að veita hverju barni færi á að rækta sérkenni sín og hæfileika, taka ábyrgð á
eigin breytni og hlutdeild í mótun skólasamfélagsins. Hvert barn þarf að skynja að
framlag þess skiptir máli fyrir þróun samfélagsins; að breytni þess hefur áhrif á
líðan annarra og að velferð þess er órjúfanlega samofin velferð þeirra. Ræktun
einstaklingsæðlis og samlíðan með náunganum eru ekki andstæður heldur tvær
hlíðar á sama peningi. Lýðræðisþjóðfélag í sífelldri þróun þarf þetta tvennt*

Vegna smæðar skólans hefur hann lagt áherslu á að þekkja stöðu hvers nemanda fyrir sig ásamt því að mæta sérkennum hans og sérþörfum³⁰. Stefna grunnskólastigsins var upphaflega samin undir leiðsögn stjórnenda Öxarfjarðarskóla árið 2003 og tóku allir starfsmenn skólans þátt í þeirri vinnu. Stefnan tekur ekki að öllu leyti mið af grunnþáttum nýrrar aðalnámskrár en útfærslu þeirra er að finna í skólanámskrá. Að sögn skólastjóra er stefnt að því að vinna hefjist fljótlega við aðlögun stefnu skólans að aðalnámskrá 2011³¹.

2.3.2. Leikskólastig

Leikskólinn Krílakot starfar eftir kenningum tveggja fræðimanna, annars vegar heimspekingsins og uppeldisfræðingsins Johns Dewey og hins vegar sálfræðingsins Lev S. Vygotsky. Einkunnarorð kenningar Dewey eru að læra með því að framkvæma. Kenning Vygotsky snýr að tengslum máls og hugsana. Ennfremur segir kenningin til um að þroski barna sé fólgin í samskiptum við aðra. Stefna leikskólans var samin af deildarstjóra og sérkennara skólans árið 2007 og hefur ekki verið endurskoðuð m.t.t. nýrrar aðalnámskrár³².

2.4. Tengsl skólastiga

Í skólanámskrá grunnskólastigs kemur fram hvernig tengslum skólastiga er háttað. Samstarf skólastiganna, *Brúum bilið*, á sér tæplega 20 ára sögu innan skólasamfélagsins á svæðinu. Lögð er áhersla á að væntanlegir nemendur fyrsta bekkjar tengist skólanum sem best á sínu síðasta skólaári í leikskólanum. Væntanlegir nemendur fyrsta bekkjar heimsækja skólann einn dag í viku hverri. Í heimsóknnum sínum taka þeir þátt í daglegu

²⁹ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Öxarfjarðarskóla

³⁰ Skólanámskrá Öxarfjarðarskóla af vefsíðu skólans

³¹ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Öxarfjarðarskóla

³² Fundur með deildarstjórum leikskólaeildar

starfi bekkjarins. Skólaárið 2011- 2012 hafa börnin m.a. tekið þátt í þróunarverkefninu *Byrjendalæsi* og íþróttum. Lögð er áhersla á að nemendur beggja skólastiga hafi möguleika á daglegum samskiptum og góðu aðgengi sín á milli, mikið er um heimsóknir og þátttöku í daglegu starfi³³.

2.5. Þróunarverkefni

Skólinn er í samstarfi við Háskólann á Akureyri um þróunarverkefni í *Byrjendalæsi*. Meginmarkmið verkefnisins er *að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni*. Fjórir kennarar hafa sótt námskeið og fengið leiðsögn frá HA í tengslum við verkefnið. Verkefnið stendur yfir í tvö skólaár og stefnt er að því að ljúka því vorið 2012. Skólinn mun halda þróunarvinnunni með læsi áfram og taka þátt í framhaldsverkefninu *Orð af orði*³⁴.

Skólinn hefur ennfremur unnið að þróunarverkefni um lengda viðveru, sjá nánar í kafla 2.5.1. og samstarf við björgunarsveitina. Samstarfið hefur falið í sér að nemendur skólans geta sótt sér kennslu hjá björgunarsveitinni sem telst til valeininga í námi.³⁵ Foreldrar og nemendur, sem rætt var við, lýstu yfir mikilli ánægju með verkefnið³⁶.

2.5.1. Lengd viðvera

Lengd viðvera er þróunarverkefni á vegum skólans. Viðveran hefst að kennslu lokinni og stendur til kl 16. Þar gefst nemendum kost á að taka þátt í fjölbreyttu félagsstarfi ásamt því að boðið er upp á aðstoð við heimanám. Í viðhorfskönnun meðal nemenda, starfsfólks og foreldra vorið 2011 kom fram mikil ánægja með lengda viðveru. 88,23% foreldra sögðust ánægðir með lengda viðveru, 90,47% nemenda og 71,43% starfsmanna.³⁷

Helstu kostir verkefnisins sem tilgreindir voru eru þeir að félagslegum þörfum nemenda er mætt og að þeim gefst kostur á að klára heimanám á skólatíma. Erfitt hefur verið að koma til móts við félagslegar þarfir nemenda vegna víðfeðms svæðis sem skólinn þjónar en með lengdri viðveru hefur það tekist í meira mæli en áður. Helstu ókostir lengdrar viðveru eru að börnum gefst ekki kostur að sleppa lengdri viðveru nema að foreldrar sækja þau í skólann. Skólabíllinn fer aðeins tvær ferðir á dag, eina um morguninn og svo eina eftir að lengdri viðveru lýkur³⁸.

Að sögn kennara hefur skólanum gengið ágætlega að festa áhrif þróunarverkefna í sessi. Skort hafi þó á að sett væru niður mælanleg markmið vegna lengdrar viðveru en markmið skólans með verkefninu var að gera skólann betri³⁹.

33 Lithi visir og stóri visir 2011 – 2012, bls. 17

34 Litlu visir og stóri visir 2011 – 2012, bls. 17. Upplýsingar frá skólastjóra 24. maí 2012.

35 Gagnalisti Öxarfjarðarskóli

36 Rýnihópur foreldra og rýnihópur nemenda

37 Liðan og samskipti foreldra; nemenda; starfsfólks 2011; Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, rýnihópur kennara, rýnihópur starfsfólks, rýnihópur nemenda og rýnihópur foreldra Öxarfjarðarskóla

38 Rýnihópur kennara, rýnihópur starfsfólks, rýnihópur nemenda, rýnihópur foreldra Öxarfjarðarskóla

39 Rýnihópur kennara Öxarfjarðarskóla

2.6. Hagræðingaraðgerðir og innleiðing lag og reglugerða

Samkvæmt skólastjóra hafa hagræðingaraðgerðir í kjölfar efnahagshrunsins óneitanlega haft áhrif á starf skólans þar sem skólinn hafi þurft að þrengja að sér líkt og aðrar stofnanir sveitarfélagsins⁴⁰. Fjárveitingar til skólans séu af skornum skammti og dugi í raun aðeins fyrir launagreiðslum. Af þeim sökum eru tækjabúnaður, aðbúnaður og húsgögn orðin úr sér gengin^{41,42}. Þrátt fyrir þrengingar hafi þó verið veitt fjármagn til að bæta aðbúnað leikskólastigs þar sem gerðar voru breytingar á forstofu og keyptur þurrskápur⁴³. Þó tekur skólastjórinn fram að sveitarfélagið hafi reynt að koma til móts við sérstöðu skólans vegna sérþarfahlutfalls og víðfeðms skólasamfélags m.a. með stuðningi við lengda viðveru.

Ennfremur er greint frá stuðningi velunnenda skólans sem m.a. hafa stutt við kaup á hljóðfærum, dansnámskeiðum og öðrum námskeiðum sem fara fram í lengdri viðveru⁴⁴. Sú stefna var sett að ekki skyldi grípa til uppsagna vegna hagræðingar heldur að ekki yrði ráðið í þau störf sem losnuðu⁴⁵. Að sögn kennara hefur niðurskurður enn sem komið er ekki haft áhrif á faglegt starf skólans en þeir óttast að svo verði ef áfram verða gerðar kröfur um niðurskurð⁴⁶.

Helstu breytingar sem orðið hafa í skólastarfinu í kjölfar setninga laga um leik- og grunnskóla árið 2008 eru að skólinn hefur átt erfiðar með að uppfylla þær kröfur sem lögin segja til um. Lögin gilda hvort sem um stóra eða smáa skóla er að ræða og hefur skólanum m.a. reynst erfitt að koma á fót skólaráði vegna smæðar samfélagsins. Sama á við um innleiðingu reglugerða m.a. lög og reglugerðir sem fela í sér aukinn kostnað vegna aðbúnaðar, aksturs og fleira. Skólinn hefur reynt að nýta sér aukna tækni til að koma til móts við kröfurnar. Lögin hafa ekki haft mikil áhrif á faglegt starf innan skólans þar sem margt í lögunum hafi þegar verið til staðar innan hans⁴⁷.

2.7. Húsnæði, aðbúnaður og skólalóð.

Gerð leikskólahúsnæðis skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla.⁴⁸ Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.⁴⁹

2.7.1. Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæði skólans er á tveimur stöðum, annars vegar í Lundi í Öxarfirði og hins vegar á Kópaskeri. Í Lundi er bæði grunn- og leikskólastig en á Kópaskeri aðeins leikskólastig.

40 Gagnalisti_Öxarfjarðarskóli

41 Rýnihópur starfsmanna Öxarfjarðarskóla

42 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Öxarfjarðarskóla

43 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Öxarfjarðarskóla

44 Gagnalisti_Öxarfjarðarskóli

45 Fundur með fulltrúa sveitarfélagsins Norðurbings

46 Rýnihópur kennara Öxarfjarðarskóla

47 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Öxarfjarðarskóla

48 Lög um leikskóla nr. 90/2008, 12. gr.

49 Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 20. gr.

Heildarstærð húsnæðis skólans er 1490m². Húsnæði skólans í Lundi er 1390m², þar af 290m² íþróttahús. Húsnæði skólans á Kópaskeri er um 100m². Óánægja kom fram meðal starfsmanna með tölvubúnað skólans sem sé gamall og af skornum skammti. Að sögn skólustjóra eru tvær nýjar tölvur í vinnurými kennara/starfsmanna. Mötuneyti skólans var sett upp til bráðabirgða í kjallara húsnæðisins árið 1982 og kom fram óánægja með staðsetningu og aðbúnað þess meðal starfsmanna og foreldra⁵⁰.

Skólinn hefur ekki yfir að ráða eiginlegu skólabókasafni en safnið samanstendur af nokkrum hillum af bókum sem eru í opnu rými. Ákveðið svæði innan skólans var hugsað undir skólabókasafn en það er nýtt í kennslu 1 - 4. bekkjar. Í kjölfar þátttöku skólans í *Byrjendalæsi* hefur hann fengið ábendingu um að koma upp áætlun um bókakost skólans og er það til skoðunar hjá stjórnendum⁵¹. Í íþróttahúsi skólans er sundlaug þar sem sundkennsla barna fer fram þegar veður og hitastig laugar leyfir. Ekki er til staðar björgunarbúnaður við sundlaug⁵².

2.7.2. Útisvæði

Skólinn er staðsettur nálægt þjóðgarði ásamt því að vera umlukinn miklum gróðri og náttúru. Helsta ógnin við útisvæði skólans er nálægð hans við þjóðveginn. Leikskólastigið hefur lítið afgirt leiksvæði með sandkassa. Á útisvæði er leiksvæði með rólum, rennibraut og klifurgrind. Einnig eru á svæðinu körfuboltavöllur. Ennfremur hefur skólinn aðgang að stóru túni sem nýtt er sem tjaldsvæði yfir sumartímann⁵³.

Áhyggjur komu fram meðal starfsmanna og foreldra í tengslum við yngri börn skólans vegna nálægðar hans við þjóðveg og rekstur ferðaþjónustu á svæðinu yfir sumartímann þegar leikskóladeild er starfandi. Leiksvæði barna er ekki girt af nema að litlu leyti og börnin þurfa að ganga yfir þjóðveg til þess að komast í íþróttahús. Skortur er á leiktækjum fyrir yngstu nemendur skólans og eitt leiktæki sem fyrir er getur verið þeim hættulegt⁵⁴. Uppi eru áætlanir um að fjarlægja leiktækið af skólalóðinni⁵⁵.

2.7.3. Eftirlit, öryggi og slysavarnir

Eldvarnareftirlit var framkvæmt á húsnæði skólans í Lundi í janúar 2010. Þar kom fram að ástandseinkunn brunavarna væri meðal hætta er varðar líf og eignir en óveruleg hætta er varðar umhverfi. Ekki hafa allar úrbætur gengið eftir⁵⁶. Rýmingaráætlun skólans er til og Norðurþing vinnur að því að setja upp og láta teikna rýmingaráætlanir og flóttaleiðir í stofnanir sveitarfélagsins^{57 58}. Brunavarnir skólans samanstanda af eldvarnahurðum og reykskynjurum. Starfsfólk og börn eru ekki upplýst um hvernig

50 Fundur með skólustjóra og aðstoðarskólustjóra, rýnihópur kennara, rýnihópur starfsmanna og rýnihópur foreldra Óxarfjarðarskóla

51 Fundur með skólustjóra og aðstoðarskólustjóra Óxarfjarðarskóla

52 Gengið um skólann og skólalóð með verkstjóra Norðurþings og öryggistrúnaðarmanni

53 Gengið um skólann og skólalóð með verkstjóra Norðurþings og öryggistrúnaðarmanni

54 Rýnihópur kennara, rýnihópur starfsmanna og rýnihópur foreldra Óxarfjarðarskóla

55 Upplýsingar frá verkstjóra Norðurþings þegar gengið var um húsnæði skólans og skólalóð

56 Gengið um skólann og skólalóð með verkstjóra Norðurþings og öryggistrúnaðarmanni

57 Athugasemdir frá skólustjóra maí 2012

58 Fundur með skólustjóra og aðstoðarskólustjóra Óxarfjarðarskóla

brunavörnum og rýmingaráætlun er háttað í skólanum. Ekki hefur verið gerð æfing á rýmingu. Kennarar skólans hafa fengið leiðsögn um staðsetningu slökkvitækja, útganga og hvert skuli safna börnum saman komi upp eldur⁵⁹.

Í desember 2011 var gerð úttekt á vinnuumhverfi skólans í húsnæði hans í Lundi. Í kjölfar úttektarinnar fékk skólinn í hendurnar skráningar- og aðgerðaáætlun.⁶⁰ Skólinn hefur brugðist við flestum af þeim athugasemdum sem komu fram í úttektinni.⁶¹ Í tengslum við afstöðu til öryggis og eftirlits kom fram athugasemd um að betur gæti verið staðið að yfirferð á skólahúsnæði í skólabyrjun vegna veru ferðamanna og aðgangs þeirra að húsnæði skólans yfir sumarið⁶².

Eftirlitsheimsókn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra fór fram í maí 2011 vegna væntanlegrar ferðaþjónustu. Fram kemur að lagfæringa sé þörf. Bent er á að innréttingar í eldhúsi skólans séu úr límtré en það sé almennt ekki viðurkennt í vinnuborðum eldhúsa og erfitt sé að þrifa niður við gólf. Í svari sveitarfélagsins vegna úttektarinnar kemur fram að það muni reyna að sinna þessum ábendingum og forgangsatriði verði löguð. Einnig er tekið fram að reynt verið að koma framkvæmdum vegna eldhúss og aðstöðu í afgreiðslu sundlaugar í fjárhagsáætlun ársins 2012 eða 2013.⁶³ Ekki fengust neinar skýrslur eftirlitsaðila er varða húsnæði skólans á Kópaskeri⁶⁴.

Að sögn skólastjóra er öryggisnefnd starfandi fyrir sveitarfélagið í heild og er helsta hlutverk hennar að taka við ábendingum frá vinnustöðum vegna öryggismála. Jafnframt að við skólann öryggistrúnaðarmaður og öryggisráð. Allir starfsmenn hafa sótt skyndihjálpanámskeið, síðast vorið 201⁶⁵. Eyðublöð vegna slysatilkynninga til vinnueftirlits hanga upp í vinnuaðstöðu starfsfólks og í eldhúsi og þar eru einnig skriflegir ferlar sem hægt er að skrá beint inn í⁶⁶.

2.8. Mat úttektaraðila

- Sameining skólanna við Öxarfjörð virðist að mörgu leyti hafa heppnast vel þrátt fyrir nokkra andstöðu í fyrstu. Helstu kostir eru aukinn möguleiki á félags- og tómstundastarfi meðal nemenda, fleiri nemendur í hverjum árgangi og aukin samfella í skólagöngu og góð tengsl skólastiga. Að mati úttektaraðila er hins vegar ekki nægilegt samstarf milli leikskóla og grunnskóla m.a. í stjórnun og stefnumótun.
- 70% kennara grunnskólans eru með full réttindi til kennslu í grunnskóla. Mikilvægt er að skólinn og sveitarfélagið stuðli að því allir kennarar skólans verði með full

⁵⁹ Rýnihópur kennara Öxarfjarðarskóla

⁶⁰ Skráning og aðgerðaáætlun Öxarfjarðarskóla Lundi 1, 2 og 3

⁶¹ Svör skólastjóra vegna fyrirspurnar úttektaraðila 26. apríl 2012

⁶² Rýnihópur foreldra Öxarfjarðarskóla

⁶³ Bréf umsjónamanns fasteigna Norðurlands vegna úttektar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands.

⁶⁴ Upplýsingar frá skólastjóra vegna fyrirspurnar úttektaraðila

⁶⁵ Svör skólastjóra vegna fyrirspurnar úttektaraðila 26. apríl 2012

⁶⁶ Athugasemdir skólastjóra maí 2012

kennsluréttindi en sveitarfélagið hefur stutt leiðbeinendur sem hafa óskað eftir að sækja sér kennsluréttindi.

- Allir stuðningsfulltrúar og skólaliðar, sem starfa hjá skólanum, hafa sótt námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliðabraut hjá framhaldsskólanum á Húsavík sem er að mati úttektaðila afar jákvætt og til fyrirmyndar fyrir önnur sveitarfélög og skóla.
- Endurmenntunaráætlun skólans 2011- 2012 á við bæði starfsmenn leik- og grunnskólastigs en hafði ekki öll komið til framkvæmda þegar úttekt fór fram. Kennarar sögðust óska eftir fjölþættari endurmenntun á svæðinu en hafa um leið skilning á skertum fjárhag sveitarfélags. Benda má á hugsanlegar leiðir sem fælust m.a. í samstarfi og /eða þróunarverkefnum með öðrum skólum og nýta mætti upplýsingatækni í því skyni.
- Árið 2008 hófst vinna við skólastefnu Norðurlþings. Stefnan hefur verið unnin í samvinnu allra aðila skólasamfélagsins og út frá nýrri aðalnámskrá. Hún var samþykkt í maí 2012.
- Stefna grunnskólans var upphaflega unnin árið 2003 og komu þá allir starfsmenn að þeirri vinnu. Stefna leikskólans er frá 2007 en hana skrifuðu deildarstjóri og sérkennari skólans. Stefna grunnskólastigs hefur verið endurskoðuð m.t.t. aðalnámskrár en ekki virðist nægilegt samræmi eða samfella í stefnum skólastiganna þrátt fyrir að lögð sé áhersla á að nemendur beggja skólastiga hafi möguleika á daglegum samskiptum og góðu aðgengi sín á milli. Mikilvægt er að mótuð verði stefna leikskólans í samræmi við stefnu grunnskólans og allir starfsmenn komi að þeirri vinnu.
- Starfslýsingar eru til fyrir starfsmenn grunnskóla en ekki leikskóla. Að sögn stjórnenda er þörf á endurskoðun starfslýsinganna. Mikilvægt að endurskoðunin nái til allra starfa skólans.
- Almenn ánægja virðist með framkvæmd starfsmannasamtala og aðgengi starfsmanna að skólastjóra. Að mati úttektaðila er mikilvægt að formleg samtöl fari fram reglulega og verði nýtt í þróun skólastarfsins.
- Sérstakur starfsmannasáttmáli liggur fyrir milli starfsmanna og lítil stéttaskipting virðist milli starfsfólks. Lögð er mikil áhersla á þátttöku allra starfsmanna í ákvörðunum sem virðist ganga eftir.
- Skólinn vinnur að áhugaverðum þróunarverkefnum, s.s. *Byrjendalæsi* og um lengda viðveru. Svo virðist sem bæði verkefnin gangi vel og lýstu þeir, sem rætt var við, mikilli ánægju með þau. Úttektaraðilar taka undir það sem fram kom í hópi kennara að setja mætti skýrari markmið vegna verkefnis um lengda viðveru. Að mati úttektaðila gæti verkefnið verið öðrum skólum fyrirmynd að auknu samstarfi skóla og grenndarsamfélags.

- Þrátt fyrir að hagræðingaraðgerðir sveitarfélags hafi verið þó nokkrar virðist sem þær hafi ekki enn sem komið er haft mikil áhrif á faglegt starf skólans. Tekið er undir áhyggjur starfsmanna um að svo geti orðið haldi niðurskurður áfram.
- Vegna smæðar samfélagsins hefur skólanum reynst erfitt í sumum tilfellum að uppfylla lög og reglugerðir, m.a. að koma á fót skólaráði og að uppfylla lög og reglugerðir um aðbúnað o.fl.
- Húsnæði Öxarfjarðarskóla er rúmgott og að mestu leyti vel búið. Tækjabúnaður og húsgögn eru þó orðin nokkuð úr sér gengin en fjármagni hefur verið veitt til að bæta aðbúnað leikskólastigs. Þá eru tölvur starfsmanna fáar. Almenn ánægja kom fram með húsnæðið hjá starfsmönnum og foreldrum ef frá er talin aðstaða í mötuneyti, sem er bráðabirgðaaðstaða frá 1982, og tölvubúnaður starfsmanna sem er mikilvægt að bæta úr.
- Vegna reksturs ferðaþjónustu á svæði skólans yfir sumartímann getur stafað af því ákveðin hættu þar sem leiksvæði leikskólabarna er aðeins girt af að litlum hluta. Útileiktæki eru of fá og sum jafnvel hættuleg. Varasamt er að börn þurfi að ganga yfir þjóðveg til að sækja íþróttir.
- Húsnæði og útisvæði hefur verið tekið reglulega út en uppfyllir ekki að öllu leyti lög og reglur þar um. Mikilvægt er að uppfylla kröfur um öryggi og huga að öryggi barnanna sbr. lög um leik- og grunnskóla.
- Svo virðist sem lítill bókakostur skólans geti hamlað skólastarfinu og því brýnt að bæta þar úr. Bættur tölvukostur getur einnig gert kennurum og nemendum enn betur kleift að sækja sér heimildir og gögn.

3. STJÓRNUN OG REKSTUR

Rekstur Öxarfjarðarskóla er ábyrgð og kostnað sveitarfélagsins Norðurbings sem ber ábyrgð á heildarskipan skólahalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, sérfræðiþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu. 92 Fræðslu- og menningarnefnd fer með málefni grunnskólans. Hún er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara. Skólastjóri, fulltrúi kennara og fulltrúi foreldra sitja sem áheyrnarfulltrúar á mánaðarlegum fundum fræðslu- og menningarnefndar.⁶⁷ Fræðslu- og menningarfulltrúi sveitarfélagsins situr einnig fundi nefndarinnar. Fundargerðir hennar eru aðgengilegar á heimasíðu Norðurbings. Þar má sjá að nefndin hefur fjallað um skóladagatal, starfsáætlun, skólastefnu sveitarfélagsins o.fl.⁶⁸ Almennt hefur skólinn staðist rekstraráætlanir⁶⁹. Á seinasta ári fór rekstur hans tvær milljónir yfir áætlun vegna langtímaveikinda starfsfólks⁷⁰.

3.1. Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og móttun sérkenna hans⁷¹. Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið⁷². Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð, sbr. 8. gr., og foreldraráð, sbr. 11. gr. laga um leikskóla, starfi sameiginlega í einu ráði⁷³.

Eftir setningu laga um grunnskóla og leikskóla nr. 90 og 91/2008 var foreldraráð Öxarfjarðarskóla lagt niður og starfsemi þess tekin upp í skólaráði. Skólaráðið var stofnað í október 2008. Nýtt skólaráð var kosið á foreldrafundi haustið 2011. Í ráðinu sitja níu einstaklingar. Fulltrúar foreldra, starfsfólks og kennara eru valdir á sameiginlegum fundi sem haldinn er á hverju hausti. Skólastjóri valdi fulltrúa nemenda og fulltrúa grenndarsamfélagsins⁷⁴.

Þegar úttektaraðilar heimsóttu skólann lágu ekki fyrir formlegar fundargerðir skólaráðs en að sögn skólastjóra er stór hluti þess innan skólans sem geri það að verkum að upplýsingaflæði sé mikið. Upplýsingar er varða ráðið séu sendar öllum þegar við eigi⁷⁵. Á fundi með skólaráði kom fram að skortur sé á upplýsingum meðal fulltrúa um hverjar starfsreglur skólaráðs eru og hvað seta þeirra krefst af þeim⁷⁶. Allir fulltrúar skólaráðs hittust saman í fyrsta sinn á fundi með úttektaraðilum í mars 2012. Skólaráð hafði, þegar heimsókn úttektaraðila fór fram, ekki farið yfir starfsáætlun, rekstraráætlun, skólanámskrá, ársskýrslu, húsnæðismál, aðbúnað eða öryggismál. Einhverjir úr ráðinu

⁶⁷ Fræðslu- og menningarnefnd af vefsíðu Norðurbings

⁶⁸ Fundargerðir fræðslu og menningarnefndar

⁶⁹ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Öxarfjarðarskóla og fulltrúa sveitarfélagsins Norðurbings

⁷⁰ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Öxarfjarðarskóla

⁷¹ Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 8.gr.

⁷² Lög um leikskóla nr. 90/2008, 11.gr

⁷³ Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 45.gr. 3.mgr

⁷⁴ Fundur með skólaráði Öxarfjarðarskóla

⁷⁵ Gagnalisti Öxarfjarðarskóli

⁷⁶ Fundur með skólaráði Öxarfjarðarskóla

höfðu þó fengið fjárhagsáætlun til yfirlestrar⁷⁷. Fyrsti formlegur fundur ráðsins fór fram 7. maí 2012. Samkvæmt fundargerð ráðsins var m.a. rætt skóladagatal í tengslum við nýja reglugerð, atvinnuþema, fjárhagsáætlun, skólaakstur og næsta skólaár⁷⁸.

3.2. Stjórnskipulag og skipurit

Stjórnendur skólans eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og tveir deildarstjórar leikskóladeilda. Frá og með hausti 2012 verður leikskóladeildin á Kópaskeri sameinuð Lundi. Skólastjóri ber ábyrgð á öllu starfi skólans og er aðstoðarskólastjóri staðgengill hans. Að sögn skólastjóra er ábyrgðarskipting stjórnenda skýr þar sem starfsmenn séu fáir og nálægðin mikil en ekki liggur fyrir formlegt skipurit eða ábyrgðarskipting⁷⁹. Stjórnun og stjórnunarhættir innan skólans séu að mestu óformlegir og að miklu leyti líkt og meðal stórrar fjölskyldu. Ennfremur telur hann að þetta stjórnskipulag henti skólanum vel vegna smæðar hans og nálægðar starfsmanna⁸⁰. Að sögn starfsmanna eru verkferlar skólans skýrir. Skortur sé þó á að þeir séu samræmdir og skriflegir. Mikið sé því um að starfsmenn bregðist við aðstæðum eftir eigin dómgreind. Mismunandi sé t.d. hvort starfsmenn notist við hugmyndafræði *Uppeldis til ábyrgðar*⁸¹.

Skólastjóri segist leggja mikla áherslu á samvinnu við starfsmenn í flestum málum er þá varða⁸². Að sögn starfsmanna eru þeir sáttir við stjórn skólans. Líkt og annars staðar hafi komið upp vandamál en stjórnendur skólans séu viljugir til að leysa þau⁸³. Lagðar eru fyrir starfsmenn, foreldra og nemendur grunnskólans spurningar er lúta að stjórnun skólans. Í könnun fyrir foreldra árið 2011 var spurt að hvaða leyti starfsmenn skólans, þar á meðal stjórnendur, komi fram við barn þeirra af virðingu og sanngirni. 88% þeirra tilgreindu að það væri alltaf eða oft gert. Í könnun sem lögð var fyrir starfsmenn grunnskólastigs árið 2011 var spurt hvort stjórnendur hrósi fyrir vel unnin störf og hversu mikla viðurkenningu starfsmenn hljóti í starfi af hálfu stjórnenda. 67% starfsmanna sögðu að stjórnendur hrósi sér oft eða mjög oft þegar þeir geri vel. 99% svarenda tilgreindu að þeir hlytu nægilega, frekar eða mjög mikla viðurkenningu. Lögð var fyrir nemendur grunnskólastigs árið 2011 viðhorfskönnun þar sem spurt var út í samskipti við stjórnendur. Fram kom að 81% nemenda telja samskipti sín við stjórnendur mjög eða frekar góð⁸⁴. Kannanirnar eiga aðeins við grunnskóladeild. Starfsmenn, nemendur og foreldrar leikskólabarna hafa ekki tekið þátt í sjálfsmati.⁸⁵

77 Fundur með skólaráði Óxarfjarðarskóla

78 Fundargerð skólaráðs Óxarfjarðarskóla 7. maí 2012

79 Gagalisti uppfærður Óxarfjarðarskóli

80 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Óxarfjarðarskóla

81 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, fundur með deildarstjórum, rýnihópur kennara og rýnihópur starfsmanna Óxarfjarðarskóla

82 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, rýnihópur kennara og rýnihópur starfsfólks Óxarfjarðarskóla

83 Rýnihópur foreldra Óxarfjarðar

84 Líðan og samskipti: starfsmenn, nemendur, foreldrar 2011

85 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og rýnihópur kennara Óxarfjarðarskóla

3.3. Ákvarðanataka

Að sögn skólastjórnenda og starfsmanna er ákvarðanataka innan skólans skilvirk⁸⁶. Skipting á verkefnum milli stjórnenda sé skýr en eigi þó til að riðlast. Það hafi þó ekki haft áhrif á samstarf þeirra. Endanleg ákvörðunartaka innan skólans liggi ávallt hjá skólastjóra. Allar ákvarðanir séu ræddar á fundum með starfsmönnum þar sem öllum sé frjálst að segja sína skoðun eða koma með tillögur⁸⁷. Að sögn foreldra eiga þeir auðvelt með að koma skoðunum sínum um ákvarðanir á framfæri við skólastjóra⁸⁸.

Aðkoma nemenda grunnskólastigs að ákvörðunum er helst þegar óskað er eftir hugmyndum þeirra vegna þemaviku, framboðs á valnámskeiðum og útfærslu á verkefnum. Tveir nemendur eru í skólaráði en ekki hefur reynt á áhrif þeirra þar. Nemendur leikskólans hafa takmarkaða aðkomu að ákvörðunum. Þó er reynt, að sögn deildarstjóra, að koma til móts við börn óski þau eftir að verja meiri tíma t.d. í útivist eða í ákveðnum leikjum⁸⁹.

3.4. Ársskýrsla og starfsáætlun.

Ársskýrslu fyrir bæði skólastig hefur verið skilað til fræðslu- og menningarnefndar⁹⁰. Ekki hefur verið gefin út starfsáætlun⁹¹ en skóladagatal verið lagt fyrir nefndina⁹².

3.5. Nemendaráð

Í nemendaráði sitja sex nemendur⁹³. Fulltrúar þeirra eru skipaðir í ráðið með kosningu. Að sögn nemenda er nemendaráð ekki mjög virkt þar sem lítil möguleiki er að koma á fót félagslífi meðal nemenda utan skólatíma vegna fjarlægða milli heimila þeirra og skóla⁹⁴.

3.6. Áfalla- og umhverfissráð

Í áfallaráði sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, tveir prestar og héraðslæknir⁹⁵. Meginhlutverk ráðsins er að *gera vinnuáætlun svo bregðast megi við fumlaustr og ákveðið við þegar áföll verða; bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og / eða sorgarviðbrögð*. Við skólann er einnig starfrækt umhverfissráð sem í eru þrír umsjónarkennarar⁹⁶. Helstu skyldur ráðsins eru að semja og hrinda í framkvæmd umhverfisstefnu. Ennfremur hefur umhverfissráð sett fram markmið í umhverfisfræðslu⁹⁷. Nýtt umhverfissráð hefur ekki komið saman á þessu skólaári⁹⁸.

86 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og rýnihópur starfsmanna Óxarfjarðarskóla

87 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Óxarfjarðarskóla

88 Rýnihópur foreldra Óxarfjarðarskóla

89 Fundur með deildarstjórum Óxarfjarðarskóla

90 Rýnihópur með fulltrúum skólaskrifstofu og fræðslu- og menningarnefnd Norðupings

91 Fundur með deildarstjórum Óxarfjarðarskóla

92 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Óxarfjarðarskóla

93 Litli visir og stóri visir 2011 – 2012, bls. 25

94 Rýnihópur nemenda Óxarfjarðarskóla.

95 Litli visir og stóri visir 2011 – 2012, bls. 22

96 Litli visir og stóri visir 2011 – 2012, bls. 22

97 Litli visir og stóri visir 2011 – 2012, bls. 26 - 27

3.7. Mat úttektaraðila

- Fræðslu- og menningarnefnd Norðurljósa virðist gegna hlutverki sínu vel m.a. með reglulegum fundum en einhver skortur er á að skólinn hafi skilað öllum gögnum, s.s. starfsáætlun.
- Sameinað skólaráð leik- og grunnskólastigs var fyrst stofnað árið 2008 og var starfsemi þess lítil. Nýtt skólaráð var kosið í nóvember 2011. Á fundi með úttektaraðilum hittust í fyrsta skipti allir fulltrúar þess en ráðið kom síðan formlega saman í fyrsta sinn í byrjun maí 2012. Svo virðist sem ráðið hafi fram að þessu að mestu leyti virkað sem kennara- og starfsmannaráð. Mikilvægt er að fulltrúum í ráðinu sé kynnt vel hlutverk og skyldur skólaráðs og að það sinni hlutverki sínu.
- Stjórnendur skólans eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, sem er staðgengill skólastjóra, og tveir deildarstjórar leikskóladeilda en frá og með hausti verður einn deildarstjóri. Svo virðist sem stjórnun leikskóla og grunnskóla sé ekki samræmd, t.d. er ekki sameiginleg stefna, skólanámskrá eða sjálfsmat beggja stiga. Skólastjóri þarf að mati úttektaraðila að vera faglegur leiðtogi beggja skólastiga og sjá til þess að starfið sé samræmt eftir því sem hægt er eðli stiganna samkvæmt. Því má velta fyrir sér hvort heppilegra skipulag væri að við skólann verði skólastjóri og tveir deildarstjórar, annar fyrir leikskólann en hinn fyrir grunnskólann.
- Svo virðist sem skortur sé á samræmi í útfærslu hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar og að verkferlar og ábyrgð starfsmanna sé ekki nægilega samræmt, sérstaklega milli leik- og grunnskólastigs.
- Í könnunum meðal nemenda, foreldra og starfsmanna grunnskólastigs árið 2011 kemur fram ánægja með samskipti við stjórnendur og foreldrar, sem rætt var við, sögðu auðvelt að koma skoðunum sínum á framfæri við skólastjóra. Kannanir liggja ekki fyrir á leikskólastigi en mikilvægt að svo verði.
- Fram kom hjá stjórnendum og kennurum að ákvarðanir séu ávallt ræddar á fundum og nemendur á grunnskólastigi virðast taka þó nokkurn þátt í að ákvarða leiðir í námi sínu en nemendur í leikskólanum hafa takmörkuð áhrif. Nemendur í skólaráði mætti virkja enn betur, sbr. einn af grunnpáttum aðalnámskrár, lýðræði.
- Nemendaráð hefur verið kosið en er ekki mjög virkt í skólanum. Að sögn nemenda er það m.a. vegna fjarlægða. Úttektaraðilum virðist sem lengd viðvera komi að mörgu leyti í stað hefðbundins félagslífs grunnskólanema.
- Starfsáætlun hefur ekki verið skilað og hvetja úttektaraðilar til þess að úr því verði bætt.

4. SKÓLANÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA

Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega⁹⁹.

Skólanámskrá grunnskóladeildar Öxarfjarðarskóla var upphaflega unnin á árunum 2002 – 2003. Allir starfsmenn komu að mótun námskrárinnar. Veturinn 2011- 2012 hafa skólastjóri og aðstoðarskólastjóri unnið að uppfærslu hennar. Þá hefur verið leitað eftir umsögn og áliti annarra starfsmanna m.a. á starfsmannafundum¹⁰⁰. Að sögn skólastjóra þá hefur námskráin verið löguð að nýrri aðalnámskrá¹⁰¹. Námskráin er á vef skólans.

4.1. Tengsl skólanámskrár við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags

Stefna skólans kemur fram í skólanámskrá hans, Litla vísi og Stóra vísi 2011 – 2012, en þar er ekki greint frá því hvernig hún er mótuð, en tekin fram ábyrgð og áhrif starfsfólks, nemenda og foreldra við að framfylgja stefnunni¹⁰². Í námskrá er fjallað um námsskipulag, samstarf kennara og kennsluáætlanir¹⁰³. Í skólanámskrá eru þeir grunnþættir, sem greint er frá í aðalnámskrá 2011, samþættir skólastarfinu. Í töflu 5 má sjá nánar með hvaða hætti skólinn útfærir grunnþætti menntunar í starfi sínu¹⁰⁴.

Tafla 5. Samþætting grunnþátta menntunar inn í skólastarfið.

Grunnþáttur	Samþætting inn í skólastarfið
Læsi	▪ Próunarverkefnið Byrjendalæsi í samstarfi við Háskólann á Akureyri ▪ Tölvu- og upplýsingatækni: tölvulæsi, upplýsingalæsi og menningarlæsi ▪ Áhersla á læsi og lesskilning meðal nemenda með annað móðurmál en íslensku ▪ Læsi á umhverfið með umhverfisfræðslu ▪ Lestrarskimun í 1-2 bekk
Sjálfbærni	▪ Umhverfisfræðsla ▪ Smíðar ur efnivið nánasta umhverfis
Heilbrigði og velferð	▪ Stuðningur- og sérkennsla ▪ Umhverfisfræðsla ▪ Forvarnir gegn vímuefnum, áföllum, einelti og félagslegum tengslum ▪ Starf skólaheilsugæslu m.a. heilbrigðisfræðsla ▪ Hreyfing og útivera
Lýðræði og mannréttindi	▪ Í gegnum Uppbyggingarstefnuna ▪ Kennsla í samfélagsfræði og lífsleikni
Jafnrétti	▪ Í gegnum Uppbyggingarstefnuna
Sköpun	▪ Þemavika tileinkuð sköpun ▪ Námskeið fyrir starfsfólk frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og kynning á nýsköpun og frumkvöðlastarfi frá Impru ▪ Smíðakennsla, myndmennt, handmennt, íslenska og víðar

99 Lög um grunnskola nr. 91/2008, 29.gr.

100 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Öxarfjarðarskóla

101 Gagnalisti Öxarfjarðarskóli

102 Litli vísir og stóri vísir 2011 – 2012, bls. 6 - 9

103 Litli vísir og stóri vísir 2011 – 2012, bls. 13 - 19; 39; 40 - 71

104 Litli vísir og stóri vísir 2011 - 2012

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir skólareglum ásamt meðferð mála og viðurlögum við brotum á þeim. Þar er einnig fjallað um sjálfsmat og rök fyrir því ásamt vali á matsaðferðum og matstækjum¹⁰⁵. Í skólanámskrá er ítarlega greint frá tengslum skólans við aðra skóla og stofnanir í nærsamfélaginu. Einnig er að finna endurmenntunaráætlun, móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og eineltisáætlun¹⁰⁶. Skólinn hefur ekki lagað námskrána að skólastefnu sveitarfélagsins sem hefur verið í vinnslu en var samþykkt í maí 2012.

4.2. Námsmat

Markmið skólastarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim. Því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar.... Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt...¹⁰⁷

Skólinn hefur sett fram hugmyndir um fjölbreytt námsmat í skólanámskrá. Þar segir: *Leggja ber áherslu á að nemendur kynnist mismunandi vinnuaðferðum, þannig að þeir geti gert sér grein fyrir því hvaða leið henti þeim hverju sinni og Mikilvægt er að meta bæði verklega og bóklega þætti og prófa skriflega, verklega eða munnlega eftir því sem við á. Skólinn á þó eftir að útfæra hugmynd sína frekar og er sú vinna hluti af Hugmyndum að umbótaverkefnum fyrir árin 2011 – 2013¹⁰⁸. Skilgreindir eru þekkingar og hæfnisþættir á hverju sviði og nemendur skólans eiga kost á að uppfylla námsmarkmið með mismunandi hætti. Að sögn skólastjóra er það nauðsyn vegna sérþarfahlutfalls (um 45% af heildarfjölda nemenda við skólann) en einnig sé mikið stuðst við einstaklingsnámskrár¹⁰⁹.*

Almennt fá nemendur og foreldrar upplýsingar um niðurstöður mats, matsaðferðir og matstæki í foreldraviðtölum, sem haldin eru einu sinni á önn, og með námsmati sem afhent er við lok hverrar annar. Þó geta upplýsingar til foreldra um þessi efni verið tíðari í sértilfellum. Í skólanámskrá eru ekki árangursviðmið um það hvenær nemandi telst hafa lokið einstökum námsgreinum eða námssviðum.¹¹⁰ Að sögn skólastjóra og kennara eru helstu ástæður þess smæð skólans og hátt sérþarfahlutfall. Skólinn styðjist að miklu við einstaklingsnámskrár og því eru viðmið um námsárangur mjög breytileg eftir einstaklingum¹¹¹.

4.2.1. Samræmd könnunarpróf

Námsárangur nemenda skólans hefur yfirleitt verið yfir landsmeðaltali, sem er 30, á yngsta stigi og rétt undir því á mið- og unglingastigi nema í íslensku í 10. bekk en þar er skólinn yfir landsmeðaltali. Starfsmenn og foreldrar lýstu almennt yfir jákvæðri afstöðu

¹⁰⁵ Litli vísir og Stóri vísir 2011 – 2012, bls. 35 -37

¹⁰⁶ Litli vísir og Stóri vísir 2011 – 2012, bls. 17; 28; 38 - 39

¹⁰⁷ Aðalnámskrá grunnskóla 2011:19.

¹⁰⁸ Litli vísir og Stóri vísir 2011 – 2012, bls. 6; 18 - 19

¹⁰⁹ Gagnalisti_Öxarfjarðarskóli

¹¹⁰ Litli vísir og Stóri vísir 2011 – 2012, bls. 40 - 71

¹¹¹ Rýnihópur kennara og rýnihópur starfsmanna Öxarfjarðarskóla

til námsárangurs í skólanum og samræmdra könnunarprófa. Þær ástæður sem tilgreindar eru fyrir góðu gengi nemenda eru helst sterkur og stöðugur starfsmannakjarni, einstaklingsmiðað nám, áhersla á samvinnu nemenda og að vegna fárra nemenda séu kennarar skólans fljótari að grípa inn í nám barna og beina þeim aftur á rétta leið ef þess er þörf¹¹². Tafla 6 sýnir meðaltal Öxarfjarðarskóla á samræmdum könnunarprófum 2007 - 2011¹¹³. Vegna smæðar skólans er ekki hægt að greina niðurstöður eftir árum.

Tafla 6. Meðaltal Öxarfjarðarskóla á samræmdum könnunarprófum 2007-2011.

	Meðaltal Öxarfjarðarskóla	Meðaltal skóla á Norðurlandi eystra
4.bekkur		
• Íslenska	• 32,8	• 30,8
• Stærðfræði	• 35,6	• 29,8
7.bekkur		
• Íslenska	• 29,5	• 30,5
• Stærðfræði	• 29,8	• 29,3
10.bekkur		
• Íslenska	• 31,3	• 30,0
• Stærðfræði	• 29,4	• 29,6
• Enska	• 27,4	• 29,2

4.2.2. PISA

Sökum smæðar skólans er ekki hægt að greina frá niðurstöðum nemenda á PISA 2009 en skólinn var yfir landsmeðaltali¹¹⁴.

4.3. Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá grunnskólans hefur verið löguð að nýrri aðalnámskrá og þar eru grunnþættir menntunar samþættir skólastarfinu. Að þeirri vinnu hafa komið allir starfsmenn grunnskóladeildar skólans. Hins vegar hefur skólanámskrá leikskólans ekki verið aðlöguð og námskrár beggja skólastiga því ekki samræmdar. Þá hafa foreldrar og skólaráð haft litla aðkomu að skólanámskrá. Mikilvægt er að skólanámskrár leik- og grunnskólastigs verði samræmdar og skólastjóri hafi þar faglega forystu og sem flestir aðilar skólasamfélagsins komi að vinnunni.

¹¹² Fundur með skólustjóra og aðstoðarskólustjóra, rýnihópur kennara og rýnihópur foreldra Öxarfjarðarskóla

¹¹³ Námsmatsstofnun, Meðaltöl einstakra skóla á samræmdum könnunarprófum 2011

¹¹⁴ PISA 2009 - Öxarfjarðarskóli

- Skólinn hefur sett fram hugmyndir að fjölbreyttum námsmatsaðferðum í skólanámskrá grunnskólans. Hafin er útfærsla matsins m.a. sem hluta af umbótaverkefnum fyrir árin 2011 – 2013. Skilgreindir eru þekkingar og hæfnisþættir á hverju sviði og nemendur skólans eiga kost á að uppfylla námsmarkmið með mismunandi hætti.
- Foreldrar, nemendur og starfsmenn eiga fundi um árangur skólastarfsins einu sinni á önn sem hefur mælst vel fyrir.
- Í skólanámskrá eru ekki árangursviðmið um það hvenær nemandi telst hafa lokið einstökum námsgreinum eða námssviðum. Þar sem skólinn styðst að miklu við einstaklingsnámskrár og hefur hátt hlutfall nemenda með sérþarfir eru viðmið um námsárangur mjög breytileg eftir einstaklingum sem er að mati úttektaaðila eðlilegt.
- Námsárangur nemenda skólans á samræmdum prófum hefur á yngsta stigi yfirleitt verið yfir landsmeðaltali og meðaltali skóla á Norðurlandi eystra. Hann hefur verið rétt undir því á mið- og unglingastigi nema í íslensku í 10. bekk sem er vel yfir landsmeðaltali og skólinn var yfir landsmeðaltali í PISA 2009. Mjög jákvæð afstaða kom fram til samræmdra könnunarprófa og námsárangurs í skólanum bæði meðal starfsfólks og foreldra. Svo virðist sem sterkur og stöðugur starfsmannahópur, smæð skólans, einstaklingsmiðað nám, samvinna og samhjálp nemenda ásamt jákvæðu viðhorfi til námsmats og samræmdra prófa hafi þar áhrif.

5. SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLA

Í hverjum leikskóla skal gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og skólustefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskrá skal endurskoða reglulega.¹¹⁵

Deildarstjóri Krílakots í Lundi og sérkennari skólans unnu skólanámskrá leikskólastigs árið 2007¹¹⁶. Hún hefur ekki verið uppfærð síðan. Í skólanámskránni er fjallað um þá hugmyndafræði sem skólinn starfar eftir, markmið leikskólans og mat á þeim ásamt umfjöllun um menningarlegar forsendur leikskólans. Markmið skólans eru eftirfarandi: *að auka hreyfingu barna og að þau læri að njóta hennar, að börnin kynnist og læri að virða náttúruna og umhverfi sitt og njóta hvorutveggja og að efla félagsfærni barna.*¹¹⁷ Skólanámskrá leikskólastigs hefur ekki verið kynnt foreldrum en hún er aðgengileg á vefsíðu skólans¹¹⁸. Starfsmenn segjast aðeins byrjaðir að þreifa fyrir sér í endurskoðun námskrár samkvæmt aðalnámskrá og lögum en ekkert formlegt ferli sé hafið.¹¹⁹ Þar sem skólanámskrá leikskólastigs hefur ekki verið endurskoðuð hefur hvorki reynt á þátttöku starfsmanna, barna né foreldra í þeim efnum¹²⁰.

5.1. Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá leikskólastigs Öxarfjarðarskóla uppfyllir ekki ákvæði aðalnámskrár leikskóla nema að nokkru leyti. Hún hefur ekki verið kynnt foreldrum en hún er aðgengileg á vefsíðu skólans.
- Námskráin hefur ekki verið endurskoðuð og því hefur hvorki reynt á þátttöku starfsmanna, barna né foreldra.
- Formlegt ferli vegna aðlögunar skólanámskrár að nýrri aðalnámskrá er ekki hafið. Mikilvægt er að hraða vinnu við endurskoðun skólanámskrár og samræma hana skólanámskrá grunnskólans með aðkomu allra hagsmunaaðila.

¹¹⁵ Lög um leikskóla nr.90/2008

¹¹⁶ Fundur með deildarstjórum Öxarfjarðarskóla

¹¹⁷ Námskrá leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla

¹¹⁸ Fundur með deildarstjórum Öxarfjarðarskóla, Krílakot, vefsíða Öxarfjarðarskóla

¹¹⁹ Fundur með deildarstjórum Öxarfjarðarskóla

¹²⁰ Fundur með deildarstjórum Öxarfjarðarskóla

6. NÁM OG KENNSLA VIÐ GRUNNSKÓLANN

Í skóla án aðgreiningar á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja árangursríkustu leiðirnar til að ná sem bestum árangri í samræmi við hæfniviðmið sem stefnt er að hverju sinni.¹²¹

6.1. Kennsluhættir og fjölbreytni

Samkvæmt skólanámskrá Öxarfjarðarskóla er stefnt að því innan skólans að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir. Þar er tekið fram að kennsluaðferðir henti nemendum, aldurshópum og námsgreinum misvel og því vilji skólinn koma til móts við mismunandi þarfir með fjölbreyttum kennsluháttum á borð við lengda viðveru, valkerfi, einstaklingskennslu, vinnusamninga, samvinnunám og hópavinnu. Ennfremur kemur fram að það sé stefna skólans að kynna nemendur fyrir hinum ýmsu vinnuaðferðum svo þeir geti notast við þá aðferð er hentar hverju sinni¹²².

Mismunandi er eftir önnur hve fjölbreytt val nemendur 9. og 10. bekkjar hafa og er ástæða þess einna helst smæð skólans. Haustið 2011 voru fjögur valnámskeið í boði en þau voru smíðar, leikskólaval, útivist og textílmenn, en vorið 2012 voru þau tvö, útíkennsla í ýmsum myndum og skyndihjálpi.¹²³ Þá hafa nemendur fengið metið starf sitt í björgunarsveit. Að sögn stjórnenda og kennara reynir skólinn eftir fremsta megni að koma til móts við óskir nemenda um valgreinar en vegna smæðar og skorts á fjármagni hefur ekki verið hægt að koma til móts við allar óskir¹²⁴. Allir árgangar skólans hljóta kennslu í tölvu- og upplýsingatækni. Mismunandi er eftir bekkjum hvaða efnisþættir eru lagðir til grundvallar í námskeiðinu.

Skólaárin 2010- 2011 og 2011 - 2012 var skólinn í heild með fleiri kennslustundir en viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár gerir ráð fyrir. Fleiri tímar eru í listgreinum og í 1.- 4. bekk en færri á mið- og unglingastigi. Þar að auki bætist við lengd viðvera sem er að hluta til nýtt í nám og kennslu, m.a. heimanám nemenda.¹²⁵ Skólinn hefur ekki aðstöðu til að kenna heimilisfræði vegna aðstöðuleysis. Þó skortur sé á kennslustundum í ákveðnum greinum þá nær skólinn, að sögn stjórnenda, að bæta þær að mestu leyti upp í lengdri viðveru. Þær kennslustundir megja þó ekki telja til kennslu. Áhersla skólans á læsi í víðum skilningi, allt frá upphafi til loka grunnskóla er *Byrjendalæsi og Orð af orði*, sem er að hefjast, og á að efla lestur og áhuga á lestri meðal mið- og unglingastigs. Ennfremur leggur skólinn áherslu á tölvulæsi, menningarlæsi og læsi á umhverfið¹²⁶.

6.2. Heimanám

Skólinn hefur ekki sett sér skriflega stefnu um heimanám en það er ákvarðað í samráði við foreldra og nemendur. Nemendum er gefin kostur á aðstoð við heimanám í lengdri

¹²¹ Aðalnámskrá grunnskóla 2011:34

¹²² Skólanámskrá Öxarfjarðarskóla af vefsíðu skólans

¹²³ Lítili vísir og stóri vísir 2011 – 2012, bls. 70-71

¹²⁴ Fundur með skólalæsi og aðstoðarskólalæsi og rýnihópur kennara Öxarfjarðarskóla

¹²⁵ Skýrsla Öxarfjarðarskóla til Hagstofu Íslands vegna skólaársins 2011 – 2012.

¹²⁶ Gagnalisti_Öxarfjarðarskóli

viðveru.¹²⁷ Mikil ánægja kom fram meðal foreldra, sem rætt var við, með að nemendum geti unnið heimanám sitt í lengdri viðveru¹²⁸. Það viðhorf kom fram í hópi kennara að ábyrgð og tengsl foreldra við nám barna sinna hafi að einhverju leyti minnkað í kjölfarið¹²⁹.

6.3. Lýðræði

Kennsluhættir innan skólans eru lýðræðislegir, að mati stjórnenda, nemenda og kennara. Til dæmis þá er nemendum gefinn kostur á að velja þemaverkefni og með hvaða hætti þeir skila verkefnum. Ennfremur er komið til móts við nemendur sem eiga við námsörðugleika að stríða t.d. með munnlegum prófum. Áhersla er innan skólans á að ekki sé ætlast til þess að allir nemendur geri það sama þegar kemur að námi og kennslu.¹³⁰

6.4. Mat úttektaraðila

- Kennsluhættir grunnskólans eru fjölbreyttir eins og m.a. mátti sjá í húsnæði og skólastofum þar sem verkefni nemenda voru víða. Um er að ræða mikið samvinnunám nemenda og hópavinnu en jafnframt lögð áhersla á að koma sem best til móts við hvern einstakling. Nemendur geta t.d. í mörgum tilfellum valið form á verkefnaskilum. Þá vakti athygli úttektaraðila smíðakennsla skólans sem að þeirra mati er til þess fallin að efla sköpun nemenda verulega en þar er einnig hugað að sjálfbærni með því að nýta efnivið úr nágrenni skólans, s.s. trjávið.
- Skólaárin 2010- 2011 og 2011 - 2012 var skólinn í heild með fleiri kennslustundir en viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár gerir ráð fyrir. Fleiri tímar eru í 1.- 4. bekk en færri á mið- og unglingastigi. Hlutur verk- og listgreina er meiri. *Lög um grunnskóla veita sveitarfélögum og skólum verulegt svigrúm og sjálfstæði til að skipuleggja nám í samræmi við þarfir og aðstæður á hverjum stað.*¹³¹
- Lengd viðvera hefur með góðum árangri nýst að hluta til í nám og kennslu, m.a. heimanám nemenda.¹³²
- Afar athyglisvert er samstarf skólans við björgunarsveit samfélagsins.
- Skólinn hefur ekki aðstöðu til að kenna heimilisfræði vegna aðstöðuleysis og er mikilvægt að úr því verði bætt.
- Skólinn hefur ekki skriflega stefnu um heimanám nemenda. Það er ákvarðað í samráði við foreldra og nemendur og nemendum gefinn kostur á aðstoð við heimanám í lengdri viðveru. Sátt virðist að mestu ríkja milli skóla og foreldra um fyrirkomulag og umfang heimanáms.

¹²⁷ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Öxarfjarðarskóla

¹²⁸ Rýnihópur foreldra Öxarfjarðarskóla

¹²⁹ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og rýnihópur foreldra Öxarfjarðarskóla

¹³⁰ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Öxarfjarðarskóla

¹³¹ Aðalnámskrá grunnskóla 2011:31

¹³² Skýrsla Öxarfjarðarskóla til Hagstofu Íslands vegna skólaársins 2011 – 2012.

7. UPPELDI, MENNTUN OG UMÖNNUN Í LEIKSKÓLANUM

Fram kemur í námskrá leikskóladeilda Öxarfjarðarskóla að hann starfi eftir hugmyndafræði John Dewey og Lev S. Vygotsky. Skólinn hefur sett sér þrjú námsmarkmið, 1) að auka hreyfingu barna og að þau njóti hennar, 2) að börn kynnist og læri að virða náttúruna og umhverfi sitt, og njóta hvoru tveggja og 3) að efla félagsfærni barnanna¹³³. Að sögn deildarstjóra og foreldra ríkir sátt milli leikskólans og foreldra um fyrirkomulag starfsins¹³⁴ og að óskað sé eftir skoðunum foreldra í foreldraviðtölum og daglegum samskiptum.¹³⁵

7.1. Dagskipulag leikskólans

Dagskipulag leikskóladeilda Öxarfjarðarskóla er með nokkuð hefðbundnum hætti þar sem dagurinn skiptist í meginráttum milli hópastarfs, frjáls leiks, útiveru og máltíða¹³⁶. Sjá dagskipulag leikskóladeildar Kópaskers í viðauka 2. Dagskipulag deildarinnar er endurmetið árlega eftir sumarlokun. Allir starfsmenn koma að þeirri endurskoðun¹³⁷.

Í dagskipulagi leikskóladeildar í Lundi er ekki tiltekið nákvæmlega hvenær allir dagskrárliðir hefjast og hvenær þeim lýkur, að sögn deildarstjóra, vegna þess að sveigjanleiki hentar starfsumhverfi deildarinnar. Lögð sé áhersla á skráningu og hún höfð til hliðsjónar dagskipulags og stundatöflu. Skráningu er að finna allt að sex ár aftur í tímann. Dagskipulag deildarinnar er metið reglulega og koma allir starfsmenn deildarinnar að þeirri vinnu¹³⁸. Samkvæmt skólastjóra hafa leikskóladeildir Öxarfjarðarskóla ekki sett sér stefnu varðandi námsmarkmið. Aðlögun barna í leikskólanum er einstaklingsbundin. Almennt tekur hún um eina til tvær og fylgja foreldrar barninu í leikskólann þann tíma¹³⁹.

7.2. Leikur og nám

Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálfspróttinn og börnum eðlislægur..... Leikur er meginnámsleið barna. Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt¹⁴⁰.

Að sögn deildarstjóra er lögð áhersla á að hinn frjálsi félagsleikur barna fái að halda áfram ótruflaður ef vel gengur, þó að sé komið fram yfir ákveðin tímamörk. Börnin hafa áhrif á vægi leiksins innan skólastarfsins að mati starfsmanna. Áhrif barna eru einna helst í tengslum við tímalengd leikstunda. Ef börn sýna áhuga á að lengja þann tíma sem þau er t.d. í útiveru sé reynt að koma til móts við það. Ekki sé lögð áhersla að framfylgja

¹³³ Námskrá leikskóladeilda Öxarfjarðarskóla

¹³⁴ Rýnihópar deildarstjóra og rýnihópar foreldra Öxarfjarðarskóla

¹³⁵ Rýnihópar deildarstjóra Öxarfjarðarskóla

¹³⁶ Svör skólastóra vegna fyrirspurnar úttektaraðila

¹³⁷ Svör deildarstjóra leikskóladeilda í Kópasker vegna fyrirspurnar úttektaraðila

¹³⁸ Svör deildarstjóra leikskóladeilda í Lundi vegna fyrirspurnar úttektaraðila

¹³⁹ Svör skólastjóra vegna fyrirspurnar úttektaraðila 26. apríl 2012

¹⁴⁰ Aðalnámskrá leikskóla 2011:26.

dagskipulagi í einu og öllu. Þó sé reynt að hafa fasta tíma á matartíma og hvíld barna¹⁴¹. Að sögn nemenda mega þeir ráða stundum hvenær þeir leika sér. *Já við megum ekki alltaf ráða bara stundum við megum ekki leika þegar við borðum eða hvílum okkur. Við megum alltaf ráða við hverja við leikum okkur en við ráðum ekki hvar, það má ekki hlaupa bara labba og stundum kemur könguló*¹⁴².

7.3. Leikefni og efniviður

*Efniviður leikskóla á að vera margbreytilegur og höfða til ólíkra barna á ólíkum aldri.....Leikefni þarf að vera hvetjandi og höfða til mismunandi skynjunar og örva börnin til rannsókna og kannana*¹⁴³.

Fram kom við vettvangsskoðun að leikefni og efniviður barnanna í leikskólanum er af skornum skammti. Helstu rök fyrir vali á honum er, að sögn deildarstjóra, með vísan í kenningar Dewey og Vygotsky sem skólinn starfar eftir. Starfsfólk, foreldrar og börn segjast sátt við það leikefni og þann efnivið sem leikskólinn býður upp á en hann leggur áherslu á að nota efni sem finnst í umhverfi skólans. Að sögn nemenda eru þau sátt við það leikefnið sem til er á leikskólanum. *Við megum stundum ráða með hvaða dót við leikum okkur með. Solla stíra, boltar og rauði kassinn með matardótinu eru skemmtilegasta dótið*¹⁴⁴. Að sögn deildarstjóra leikskóladeilda skólans hafa börn áhrif á vali á leikefni¹⁴⁵.

7.4. Líðan nemenda

Að sögn deildarstjóra er fylgst með líðan barna með vökulum augum ásamt því að foreldrar séu duglegir að upplýsa starfsmenn ef eitthvað er að heima fyrir. Ekki eru til neinir formlegir verkferlar sem gripið er til ef upp kemur grunur um að barni líði illa¹⁴⁶. Hver og einn starfsmaður bregðist við eftir eigin dómgreind¹⁴⁷. Nemendur, sem rætt var við, sögðu að þeim líði vel í leikskólanum. *Ef mér líður illa myndi mamma hugga mig*¹⁴⁸.

7.5. Lýðræðisþjálfun

Deildarstjórar segja að aðkoma barna að ákvörðunum innan skólans og möguleika á að hafa lýðræðisleg áhrif feli í sér að tekið sé tillit til skoðana þeirra varðandi að framlengja tímamörk sem þeim eru gefin fyrir ákveðinn leik líkt og fjallað var um hér að ofan¹⁴⁹. Að sögn nemenda stjórna kennararnir í leikskólanum. *Við megum ekki stjórna neinu bara kennarinn, við búum ekki til neinar reglur*¹⁵⁰.

¹⁴¹ Fundur með deildarstjórum Óxarfjarðarskóla

¹⁴² Rýnihópur nemenda

¹⁴³ Aðalnámskrá leikskóla 2011:27.

¹⁴⁴ Rýnihópur nemenda

¹⁴⁵ Svör deildarstjóra leikskóladeilda vegna fyrirspurnar úttektaraðila

¹⁴⁶ Fundur með deildarstjórum Óxarfjarðarskóla

¹⁴⁷ Rýnihópur starfsmanna Óxarfjarðarskóla

¹⁴⁸ Rýnihópur nemenda

¹⁴⁹ Fundur með deildarstjórum Óxarfjarðarskóla

¹⁵⁰ Rýnihópur nemenda

7.6. Samskipti, agi og hegðun.

Deildarstjórar segja að ekki séu til staðar skriflegir verkferlar sem gripið er til ef upp koma aga og hegðunarvandamál. Almennt sé meðferð mála þó háttað á þann veg að kennari reyni að leysa úr málinu eftir eigin „brjóstviti” og leiti til skólastjórnenda og skólaþjónustu ef þess þarf. Vökul augu séu notuð til þess að fylgjast með samskiptum barna á leikskóladeildum og þá gripið strax inn í ef þess sé þörf¹⁵¹. Að sögn nemenda mega þeir ekki láta hvernig sem er í leikskólanum. *Það má ekki öskra og garga og ef við erum óþekkt þá erum við látin út. Ef við erum góð þá er bara látið okkur í friði. Það mega ekki allir tala í einu því þá kemur hausverkur*¹⁵². Mismunandi er milli leikskóladeilda hvernig unnið er með aga og hegðun. Leikskóladeildin á Kópaskeri leggur áherslu á að börn skilji á milli jákvæðrar og neikvæðrar hegðunar ásamt því að vinna að lausn mála í samvinnu við börnin og foreldra þegar við á¹⁵³. Leikskóladeild í Lundi leggur áherslu á samvinnu foreldra og skólaþjónustu við erfiðari aga- og hegðunarvandamál¹⁵⁴.

7.7. Mat úttektaraðila

- Dagskipulag leikskóladeilda liggur fyrir. Það er endurmetið reglulega með aðkomu allra starfsmanna. Gæta þarf að samræmi milli deilda varðandi dagskipulag en misræmis gætir milli leikskóladeildanna í Lundi og á Kópaskeri.
- Leikskólastigið hefur ekki sett sér stefnu í uppeldis- og kennsluháttum eða námsmarkmið. Bæta þarf úr því, t.d. í endurskoðun heildstæðrar skólanámskrár.
- Að sögn deildarstjóra og foreldra ríkir almenn sátt um fyrirkomulag starfsins en ekki eru til kannanir því til stuðnings og er hvatt til þess að bætt verði úr því.
- Áhrif barna á leikskólastarfið eru einkum í tengslum við tímalengd leikstunda og taka nemendur undir það sjónarmið. Auka má lýðræðisáhrif og aðkomu nemenda að ákvarðanatöku innan leikskóladeildarinnar.
- Þörf er á endurskoðun á leiðfni og efnivið leikskóladeildarinnar og að hún marki sér stefnu í þeim málum sbr. aðalnámskrá leikskóla. Starfsfólk, foreldrar og börn segjast sátt við það leiðfni og þann efnivið sem leikskólinn býður upp á.
- Ekki eru til neinir formlegir verkferlar varðandi líðan barna. Hver og einn starfsmaður bregst við eftir eigin dómgreind. Ekki liggur fyrir mat á líðan barna. Úttektaraðilar hvetja til að tekið verði á ofangreindum þáttum.
- Agastefna er ekki samræmd á leikskólastiginu. Úttektaraðilar hvetja til að mörkuð verði samræmd agastefna t.d. *Uppeldi til ábyrgðar* og starfsfólk, foreldrar og börn upplýst um stefnuna og þau fái þjálfun við hæfi.
- Ekki liggur fyrir skriflegt ferli vegna móttöku og aðlögunar nýrra barna á leikskólanum og hvetja úttektaraðilar að bætt verði úr því.

¹⁵¹ Fundur með deildarstjórum Óxarfjarðarskóla

¹⁵² Rýnihópur nemenda

¹⁵³ Svör deildarstjóra leikskóladeilda á Kópaskeri vegna fyrirspurnar úttektaraðila

¹⁵⁴ Svör deildarstjóra leikskóladeilda í Lundi vegna fyrirspurnar úttektaraðila

8. GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR, LEIÐARLJÓS OG NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA

Í aðalnámskrá er settir fram grunnþættir menntunar sem eiga að vera leiðarljós við námskrárgerð. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun¹⁵⁵. Námsvið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi sköpun og menning¹⁵⁶.

Leikskóladeildin er fyrsta skólastig í Öxarfjarðarskóla og er töluverð samvinna á milli skólastiga að sögn deildarstjóra. Tíðar leikstundir og gönguferðir í náttúruumhverfi skólans ásamt vikulegum íþróttatíma í íþróttahúsi, gefi börnunum tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og útiveru. Einnig sé þetta kjörið tækifæri til að kenna börnum að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu. Hópastarf og leikir stuðli að samvinnu barna og auka samheldni þeirra og ábyrgðarkennd. Starfsfólk skólans komi m.a. að því að móta aðferðir og leiðir um það hvernig starf leikskólans tekur mið af leiðarljósum að sögn stjórnenda en ekki sé búið að skrá þær formlega¹⁵⁷. Fagleg og ígrunduð umræða um grunnþætti menntunar og námsvið leikskóla fer fram að sögn stjórnenda, en skráning hefur ekki hafist¹⁵⁸.

8.1. Samþætt og skapandi leikskólastarf.

Við skipulagningu leikskólastarfs skal jafnframt taka mið af leiðarljósum leikskóla, grunnþáttum menntunar og námsviðum leikskóla.¹⁵⁹

8.1.1. Læsi og samskipti

Að efla mál og félagsfærni barnanna, er eitt af markmiðum leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla. Að efla félagslega færni barna snýst m.a. um að börnin verði læs á boðskipti í samskiptum m.a. í gegnum leik. Að sögn deildarstjóra hafa starfsmenn það hlutverk að fylgjast með og taka þátt í leiknum án þess að stjórna honum. Ennfremur séu börnin þjálfuð í rituðu og töluðu máli m.a. með söng, tjáningu, frásögn, skoðun stafa og samtölum.¹⁶⁰ Daglega sækja börn úr grunnskóladeild skólans leikskólann og taka þátt í söng og samverustund.

8.1.2. Sjálfbærni og vísindi

Kennsla í sjálfbærni og vísindum fer fram að mestu utandýra í umhverfi skólans. Eitt af markmiðum kennslunnar er að börnin kynnist og læri að virða náttúruna og umhverfi sitt, og njóta hvorutveggja. Börnunum er kennt að þekkja spor dýra í sjónum, hver áhrif árstíðar er á gróðurinn og dýralífið og eiginleikar efnis líkt og ís skoðaðir. Hlutverk

¹⁵⁵ Aðalnámskrá leikskóla 2011.:9.

¹⁵⁶ Aðalnámskrá leikskóla 2011: 28

¹⁵⁷ Greinagerð deildarstjóra um grunnþætti menntunar, leiðarljós og námsvið

¹⁵⁸ Greinagerð deildarstjóra leikskóladeildar um grunnþætti menntunar, leiðarljós og námsvið

¹⁵⁹ Aðalnámskrá leikskóla 2011.:9.

¹⁶⁰ Greinagerð deildarstjóra leikskóladeildar um grunnþætti menntunar, leiðarljós og námsvið

starfsmanna er að sögn stjórnenda að kenna börnunum að bera virðingu fyrir náttúrunni, fyrir sjálfum sér og fyrir náunganum.¹⁶¹

8.1.3. Heilbrigði og velferð

Að auka hreyfingu barna og að þau læri að njóta hennar, er eitt af markmiðum leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla. Áhersla er lögð á útivist og hreyfingu í leikskólastarfinu, að sögn deildarstjóra. Báðar deildirnar hafa vikulega einn íþróttatíma undir stjórn iðjuþjálfra og íþróttaleiðbeinanda. Jafnframt eru börnin látin gera hreyfiverkefni með leik og leikrænni tjáningu. Gönguferðir, útivist og leikir eru iðkaðir reglulega í hverri viku í náttúruumhverfi. Jafnframt er lögð áhersla á slökun og hvíld barna m.a. með hvíldarstund sem er hluti af dagskipulagi deilda.¹⁶² Skólinn hefur í samstarfi við lýðheilsustöð útbúið matarlista fyrir mötuneyti skólans. Í mat mötuneytisins er enginn viðbættur sykur og lögð áhersla á heilbriggt fæði. Að sögn deildarstjóra tekur starf leikskóladeildanna mið af heilbrigði og vellíðan sérhvers barns¹⁶³.

8.1.4. Sköpun og menning

Ýtt er undir sköpunarþörf og hugmyndaflug barna m.a. með leik, myndlist, leikriti, söng og lestri á sögum, þulum og ljóðum. Hlutverk starfsmanna, að sögn stjórnenda, í leik barna er að fylgjast vel með leiknum og vera reiðubúnir að örva eða taka þátt í honum á forsendum barna. Starfsfólki leikskóladeildarinnar beri að hafa í huga nauðsyn barna að eiga leikfélaga til að deila og skapa reynslu með¹⁶⁴. Þetta sé gert í gegnum leikinn og sjálfsprottin tækifæri nýtt.

8.1.5. Lýðræði og mannréttindi

Að sögn deildarstjóra þá haldast hugtökin lýðræði og mannréttindi í hendur og einstaklingurinn læri að taka afstöðu til siðferðilega álitamála. Jafnframt tilgreina þeir að samverustundir og hinn frjálsi félagslegi leikur séu kjörnir vettvangar til að kenna börnunum að setja sig í spor annarra, læra að leysa úr ágreiningsefnum, sýna samúð, bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Starfsmönnum ber, að sögn deildarstjóra, að kenna börnunum að skiptast á og sýna þeim hvernig á að haga sér til að sýna öðrum gagnkvæma tillitssemi, setja sig í spor annara og læra að leysa úr ágreiningsefnum m.a. í sjálfsprottnum tækifærum og leik¹⁶⁵.

161 Greinagerð deildarstjóra leikskóladeildar um grunnþætti menntunar, leiðarljós og námssvið

162 Greinagerð deildarstjóra leikskóladeildar um grunnþætti menntunar, leiðarljós og námssvið

163 Greinagerð deildarstjóra leikskóladeildar um grunnþætti menntunar, leiðarljós og námssvið

164 Greinagerð deildarstjóra leikskóladeildar um grunnþætti menntunar, leiðarljós og námssvið

165 Greinagerð deildarstjóra leikskóladeildar um grunnþætti menntunar, leiðarljós og námssvið

8.1.6. Jafnrétti

Að sögn deildarstjóra ber stöðugt að minna á hugtakið jafnrétti í leikskólastarfinu líkt og annars staðar í samfélaginu, ekki síst í ljósi þess að fjöldi stúlkna er í miklum minnihluta í nemendahópnum, um 20%¹⁶⁶. Að mati deildarstjóra á Kópaskeri eru stúlkurnar, sem eru í minni hluta, minna ráðandi¹⁶⁷.

8.2. Mat úttektaraðila

- Fagleg og ígrunduð umræða um grunnþætti menntunar og Námssvið leikskóla fer fram að sögn stjórnenda. Hún er ekki samræmd milli leikskóladeildanna í Lundi og á Kópaskeri og skráning hefur ekki hafist. Hvetja úttektaraðilar til þess að bætt verði úr þessu.
- Vel er staðið að samvinnu skólastiga í Öxarfjarðarskóla í skólastarfinu og lýsa úttektaraðilar ánægju með hvernig staðið er að þessum þætti.
- Auka má aðkomu og áhrif starfsmanna að faglegri umræðu um leikskólastarfið, Námssvið leikskólans og grunnþætti menntunar.
- Nærumhverfi Öxarfjarðarskóla er mikilvægur þáttur í skólastarfi hans og hefur starfsfólki og nemendum tekist vel að nýta sér það í umhverfismennt þ.e. fjaran og nærumhverfi á Kópaskeri og þjóðgarðurinn við Lund.
- Vel er staðið að heilbrigði og velferð á leikskólanum.
- Samræma þarf aðferðir og áætlanir og laga að báðum skólastigum.
- Mikilvægt er að huga að jafnrétti, þá sérstaklega jafnrétti kynjanna, þar sem stúlkur eru í miklum minnihluta á leikskólastiginu.

¹⁶⁶ Greinagerð deildarstjóra leikskóladeildar um grunnþætti menntunar, leiðarljós og námssvið

¹⁶⁷ Athugasemdir skólastjóra maí 2012

9. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI

Starfsfólki skóla ber í hvívetna að stuðla að góðum starfsanda og gagnkvæmri virðingu allra í skólanum í samstarfi við nemendur, foreldra og starfsfólk.¹⁶⁸

Starfsmenn skólans lýsa starfsanda og skólabrag sem hvetjandi, afslöppuðum, frjálsslegum, skemmtilegum, heiðarlegum og líkt og hjá stórri fjölskylda á stóru heimili. Að mati deildarstjóra leikskólastigs á Kópaskeri eru starfsmenn þar nokkuð faglega einangraðir og í litlu samstarfi við starfsmenn sem staðsettir eru í Lundi¹⁶⁹.

Skýrt er til hverra nemendur eiga að leita ef upp kemur vandamál og er það mismunandi eftir aðstæðum¹⁷⁰. Að sögn stjórnenda hefur vegna smæðar skólans ekki verið lögð áhersla á að taka á agavandamálum með kerfisbundnum hætti. Reynt sé þó eftir bestu getu að taka á málum sem upp koma eins fljótt og auðið er. Meðferð agamála sé í höndum umsjónarkennara og leitar hann sér aðstoðar eftir þörfum. Ennfremur se lögð áhersla á að leysa vandamál í samvinnu við nemendur¹⁷¹. Þá sé *Uppeldi til ábyrgðar* haft í huga þegar kemur að því að taka á agavandamálum en að mestu fari það þó eftir mati hvers og eins¹⁷². Tæp 50% foreldra grunnskólabarna telja að aginn í skólanum sé góður og rúm 20% foreldra finnst aginn í skólanum ekki nógu góður eða alls ekki nógu góður¹⁷³. Þessar tölur segja skólastjórnendur og kennarar ekki koma á óvart vegna um 45% sérþarfahlutfalls meðal nemenda skólans¹⁷⁴.

9.1. Starfsandi og ánægja

Að mati starfsmanna er starfsandi og skólabragur almennt góður í skólanum¹⁷⁵. Í viðhorfsskönnun meðal nemenda, starfsfólks og foreldra grunnskóladeildar voruð 2011 kemur fram að 88% foreldra telja að barni sínu líði vel í skólanum, að 78,57% nemenda líði vel í skólanum og að 85,72% starfsmanna líði vel í starfi¹⁷⁶. Ekki er markvisst fylgst með starfsanda og ánægju hjá leikskóladeildum skólans. Að sögn deildarstjóra hans er þar fylgst með starfsanda og ánægju meðal starfsmanna og barna leikskóladeilda með vökulum augum¹⁷⁷.

Rúm 76% starfsmanna grunnskólans telja starfsanda skólans góðan. Tæp 80% foreldra finnst að barni sínu sé oft hrósað í skólanum og að hæfileikar þess nýtist í skólanum (85,3%) og því voru rúm 71% nemenda skólans sammála¹⁷⁸. Í skólanum er stuðlað að uppbyggingu á jákvæðum skólabrag og vellíðan barna og foreldra með því að taka tillit til þarfa einstaklinga og reyna að koma til móts við þær að sögn stjórnenda

¹⁶⁸ Aðalnámskrá grunnskóla 2011:32.

¹⁶⁹ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, fundur með deildarstjóra, rýnihópur starfsmanna og rýnihópur foreldra Óxarfjarðarskóla

¹⁷⁰ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, rýnihópur kennara, rýnihópur starfsmanna og rýnihópur foreldra Óxarfjarðarskóla

¹⁷¹ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Óxarfjarðarskóla

¹⁷² Rýnihópur starfsmanna Óxarfjarðarskóla

¹⁷³ Líðan og samskipti foreldra 2011

¹⁷⁴ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og rýnihópur kennara Óxarfjarðarskóla

¹⁷⁵ Rýnihópur starfsmanna Óxarfjarðarskóla

¹⁷⁶ Líðan og samskipti foreldra; nemenda; starfsfólks 2011

¹⁷⁷ Fundur með deildarstjórum Óxarfjarðarskóla

¹⁷⁸ Líðan og samskipti foreldra; nemenda 2011

Ennfremur sé reynt að vinna í sátt við samfélagið sem skili sér svo aftur inn í skólann með aukinni vellíðan nemenda, foreldra og starfsmanna¹⁷⁹.

9.2. Samskipti

Í viðhorfskönnun meðal nemenda grunnskólastigs vorið 2011 kom fram að mikill meirihluti telur samskipti sín við stjórnendur (80,95%), kennara (85,71%), annað starfsfólk (80,95%) og aðra nemendur (88,09%) gott. Ennfremur tilgreindu rúm 71% þeirra að samskipti við starfsfólk skólans væru byggð á gagnkvæmri virðingu og að þeir gætu leitað til starfsfólks ef eitthvað væri að. Rúm 88% foreldra nemenda á grunnskólastigi segja að starfsfólk komi fram við barn sitt af virðingu og sanngirni.¹⁸⁰

9.3. Jafnrétti

Ekki er til staðar formleg móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál. Skólinn hefur þó unnið eftir ákveðnu ferli en það hefur ekki verið skjalfest. Áhersla er lögð á að koma til móts við þarfir barnsins og er nemendum boðið upp á aukatíma í íslensku¹⁸¹.

9.4. Einelti

Við skólann er ekki notast við verkferil þegar kemur að eineltismálum. Að sögn starfsmanna fylgir hver og einn starfsmaður dómgreind sinni þegar eineltismál kemur upp. Þó er það ljóst af svörum starfsmanna að umsjónarkennari ber ábyrgð á úrvinnslu þess¹⁸². Fram kom í rýnihópum bæði foreldra og starfsmanna að þar sem skólinn hafi ekki þurft að takast á við alvarleg eineltismál hafi lítið reynt á hvort sátt sé um hvernig það sé gert¹⁸³. Þó kom fram í viðtölum við starfsmenn að sumir þeirra upplifi sig ekki sammála þeim aðferðum sem skólinn notar í eineltismálum. Þeir tóku einnig skýrt fram að þeir væru þó ekki ósáttir við þær¹⁸⁴. Engar markvissar né samræmdar aðferðir eru við skólann í tengslum við fræðslu um einelti til barna, foreldra eða starfsmanna¹⁸⁵.

Í viðhorfskönnun sem lögð var fyrir nemendur, starfsmenn og foreldra grunnskóladeildar vorið 2011 kemur fram að 67,7% foreldra telur að lítið einelti sé í skólanum. Tæp 17% foreldra segja að barn sitt hafi orðið frekar oft eða stundum fyrir einelti eða alvarlegri stríðni skólaárið 2010 – 2011. Ekkert barnanna tilgreindi að það hefði oft lent í einelti og 78,57 sögðust aldrei hafa lent í einelti. Mikill meirihluti starfsfólks telur að vel sé tekið á eineltismálum sem koma upp meðal nemenda (85%) og starfsfólks (77%). Af svörum nemenda er ávallt sami fjöldi nemenda sem svarar

179 Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólustjóra Öxarfjarðarskóla

180 Líðan og samskipti nemenda; foreldra mars 2011

181 Svör skólustjóra vegna fyrirspurnar úttektaraðila 26. apríl 2012

182 Rýnihópur kennara og rýnihópur starfsmanna Öxarfjarðarskóla

183 Rýnihópur foreldra og rýnihópur starfsmanna Öxarfjarðarskóla

184 Rýnihópur starfsmanna Öxarfjarðarskóla

185 Fundur með skólustjóra og aðstoðarskólustjóra Öxarfjarðarskóla

spurningum um einelti og stríðni á neikvæðan hátt¹⁸⁶. Þess ber að geta að vegna smæðar skólans hefur hver nemandi mun meira vægi í svörum við spurningunum en ella.

9.5. Félags- og tómstundastarf

Nemendur Öxarfjarðarskóla hafa kost á að sækja *Beisið* sem er ein af félagsmiðstöðvum Norðurlægis. Félagsmiðstöðin er aðili að Samfés, samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi, sem marka stefnu í faglegu félagsstarfi¹⁸⁷.

Í lengdri viðveru er boðið upp á fjölbreytt val af fyrirlestrum, námskeiðum og aðstoð við heimanám. Ennfremur stendur skólinn fyrir bekkjarskemmtunum, árshátíð, haustgleði og skólaferðalögum¹⁸⁸. Nemendur hafa áhrif á framboð vals í lengdri viðveru.¹⁸⁹ sem er í boði þrjá daga í viku og sækja allir nemendur grunnskólastigs skólans hana. Einnig hafa elstu börn leikskólastigs tekið þátt í lengdri viðveru að hluta til.

9.6. Mat úttektaraðila

- Skólabragur og starfsandi í Öxarfjarðarskóla er almennt jákvæður og líðan nemenda og starfsmanna góð sem staðfestist í könnunum í grunnskólanum. Ekki er markvisst fylgst með starfsanda og líðan í leikskólanum og brýnt að svo verði.
- Að sögn stjórnenda og starfsmanna er skýrt til hverra nemendur eiga að leita ef upp koma vandamál. Skólinn hefur þó ekki tekið á agavandamálum með kerfisbundnum hætti en *Uppeldi til ábyrgðar* haft í huga. Þar sem einungis um 50% foreldra finnst aginn í skólanum góður er mikilvægt að samræma meðferð agamála t.d. í tengslum við *Uppeldi til ábyrgðar* ætli skólinn sér að vinna eftir þeirri hugmyndafræði og að hún verði þá innleidd bæði í leik- og grunnskóla.
- Ekki er brugðist er við einelti með formlegum eða samræmdum hætti. Tæp 17% foreldra í grunnskólanum segja barn sitt hafa orðið fyrir einelti skólaárið 2010-2011. M.a. í ljósi þess er að mati úttektaraðila mikilvægt fyrir skólann að huga að samræmdari aðferðum við meðferð eineltismála, að fyrir liggi eineltisáætlun sbr. lög um grunnskóla og að fræðsla til foreldra og nemenda um einelti verði aukin.
- Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál er ekki til staðar sbr. lög.
- Jafnréttis meðal nemenda virðist gætt í flestum tilvikum (beggja kynja, nemenda af erlendu bergi brotnu og fötludum). Þó þarf leikskóladeild að huga betur að jafnrétti sbr. kafla 8.1.6.
- Skólinn stendur fyrir fjölbreyttu félags- og tómstundastarfi bæði í lengdri viðveru og öðrum atburðum. Nemendur hafa áhrif á framboð í gegnum nemendafélag og skólaráð en þar mætti, eins og áður er komið fram, virkja þá betur.

¹⁸⁶ Líðan og samskipti foreldra; nemenda; starfsfólks

¹⁸⁷ Félagsmiðstöðin Beisið af vefsíðu Öxarfjarðarskóla

¹⁸⁸ Gagnalisti Öxarfjarðarskóli

¹⁸⁹ Rýnihópur nemenda Öxarfjarðarskóla

10. INNRA MAT

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.¹⁹⁰

Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.¹⁹¹

Skólinn hefur tekið upp matskerfi Sifjar Vígbórsdóttur og Valdimars Helgasonar til að leggja mat á innra starf skólans¹⁹². Kerfið var tekið upp árið 2009 en hefur ekki verið innleitt að fullu. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri eru ábyrgir fyrir framkvæmd, úrbótum og eftirfylgni matsins og ákveða þeir hverju sinni hvað innra mat skólans feli í sér. Starfsmenn, nemendur og foreldrar leikskólastigs skólans hafa ekki verið þátttakendur í þeim könnunum sem lagðar hafa verið fyrir í tengslum við innra mat¹⁹³. Að sögn deildarstjóra leikskólastigs er það þó gert óformlega.¹⁹⁴

Ekki er gerð áætlun um innra mat til lengri eða skemmri tíma en lagðar eru fyrir viðhorfskannanir meðal nemenda, starfsfólks og foreldra grunnskólastigs á hverju vori. Verkferlar eru ekki til í tengslum við innra mat¹⁹⁵ og ekki er gerð formleg umbótaáætlun í lok hvers skólaárs þar sem m.a. er tekið mið af niðurstöðum innra mats. Í skólanámskrá eru settar fram hugmyndir að úrbótum fyrir árin 2011 – 2013¹⁹⁶. Niðurstöður mats eru ekki kynntar öllum hagsmunaaðilum en þær eru opinberar t.d. á heimasíðu skólans¹⁹⁷.

10.1. Mat úttektaraðila

- Skólinn styðst við ákveðið matskerfi í sjálfsmati sínu en það hefur ekki verið innleitt að öllu leyti. Ekki er gerð formleg áætlun um innra mat til lengri eða skemmri tíma en lagðar eru fyrir viðhorfskannanir meðal nemenda, starfsfólks og foreldra grunnskólastigs á hverju vori.
- Starfsmenn, nemendur og foreldrar leikskólastigs hafa ekki verið þátttakendur í könnunum sem lagðar hafa verið fyrir í tengslum við innra mat í samræmi við lög og aðalnámskrá.
- Innra mat skólans er að mati úttektaraðila ekki fullnægjandi. Mikilvægt er að fyrir liggi sjálfsmatsáætlun ásamt umbótaáætlun og mati gerð skil í sjálfmatsskýrslu. Matið þarf að ná til beggja skólastiga og að því þurfa að koma allir aðilar skólasamfélagsins sbr. aðalnámskrár. Kynna þarf matið öllum hagsmunaaðilum.

¹⁹⁰ Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 36.gr..

¹⁹¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 18. gr.

¹⁹² Litli vísir og stóri vísir 2011 – 2012, bls. 36

¹⁹³ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Öxarfjarðarskóla

¹⁹⁴ Fundur með deildarstjórum Öxarfjarðarskóla

¹⁹⁵ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Öxarfjarðarskóla

¹⁹⁶ Litli vísir og stóri vísir 2011 – 2012, bls. 37

¹⁹⁷ Gagnalisti_Öxarfjarðarskóli

11. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGL

Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náð samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna.¹⁹⁸ Starfsmönnum skóla er skylt að efla samstarf skóla og heimila, m.a. með því að miðla fræðslu um skólamál til foreldra og veita upplýsingar um starfið í skólanum".¹⁸⁷

Þar sem skólinn þjónustar víðfeðmt svæði eru tengsl og samvinna við foreldra minni en ella. Flestir nemendur skólans fara með skólabíl til og frá skóla sem gerir að verkum að dagleg samskipti foreldra og starfsmanna skólans eru ekki fyrir hendi¹⁹⁹. Samstarf og samskipti heimila og skóla felast helst í foreldraviðtölum og upplýsingatölvupóstum skólastjóra. Einnig hafa foreldrar komið að lengdri viðveru, haustfagnaði og árshátíð skólans²⁰⁰. Að sögn kennara mætti samvinna við foreldra vera meiri og vildu þeir sjá aukin áhrif foreldra í ákvörðunum, félagslífi nemenda, skólastarfinu sjálftu, fundum og í skólaráði²⁰¹. Deildarstjóri leikskóladeildar Kópaskers segir foreldrar hafa verið hvatta til að taka þátt í starfsemi deildarinnar en það hafi ekki borið árangur²⁰². Foreldrar barna í leikskóladeild í Lundi hafa komið með tillögur um starfið m.a. um opnunartíma og segjast deildarstjóri og starfsmenn hafa reynt að koma til móts við þær²⁰³.

11.1. Samstarf

Hefð hefur verið fyrir atvinnuþema við skólann þar sem nemendum býðst að verja þremur skóladögum við sauðburð í samstarfi við bændur í héraðinu. Einnig hefur skólinn leitað eftir samstarfi við fyrirtæki á svæðinu í tengslum við þemað sem hefur gengið vel.²⁰⁴ Þá hefur skólinn unnið með björgunarsveit í tengslum við val nemenda. Skólinn er einnig í samstarfi við Bygðasafn Norður – Þingeyinga, skólaheilsugæslu og Háskólann á Akureyri eins og fram er komið.²⁰⁵

Mikið samstarf var áður við tómstunda- og æskulýðssvið en að undanfögnu hefur uppákomum fækkað og samstarf við skólann dalað²⁰⁶. Einnig er skólinn í samstarfi við Samtök fámennra skóla sem hafa það meginhlutverk að standa vörð um hagsmuni fámennra skóla²⁰⁷. Samstarf leikskóladeilda við grenndarsamfélagið hefur að mestu verið heimsóknir barnanna á Kópaskeri í þjónustuhús eldri borgara, Stóru Mörk. Þá er deildin á Kópaskeri í samstarfi við mótuneyti Stóru Markar um heitan mat í hádeginu²⁰⁸.

198 Lög um leikskóla nr. 90/2008, 9. gr.

199 Rýnihópur kennara og rýnihópur starfsmanna Öxarfjarðarskóla

200 Svör skólastjóra vegna fyrirspurnar úttektaraðila 26. apríl 2012

201 Rýnihópur kennara og rýnihópur starfsmanna Öxarfjarðarskóla

202 Svör deildarstjóra leikskóladeildar í Kópaskeri vegna fyrirspurnar úttektaraðila

203 Svör deildarstjóra leikskóladeildar í Lundi vegna fyrirspurnar úttektaraðila

204 Litli vísir og stóri vísir 2011 – 2012, bls. 34

205 Litli vísir og stóri vísir 2011 – 2012, bls. 32

206 Gagnalisti Öxarfjarðarskóli

207 Litli vísir og stóri vísir 2011 – 2012, bls. 34

208 Svör skólastjóra vegna fyrirspurnar úttektaraðila 26. apríl 2012

11.1.1. Foreldrafélag

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum²⁰⁹.

Haustið 2011 voru kosnir fulltrúar foreldra af hverju skólastigi í foreldrafélag. Samkvæmt skólastjóra hefur félagið ekki haldið formlegan fund og hefur ekki kosið sér formann. Fulltrúi foreldrafélagsins hefur m.a. staðið fyrir hátíð á Öskudegi. Foreldrar hafa einnig komið að haustgleði, árshátíð og fleiru²¹⁰.

11.2. Lýðræði, þátttaka og upplýsingaflæði

Líkt og fram er komið er virkni foreldra í skólastarfinu minni en ella vegna víðfeðms svæðis sem skólinn þjónustar²¹¹. Að sögn foreldra eiga þeir auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri þegar það eigi við en þeir hafi þó ekki tekið þátt í stefnumótun eða ákvörðunum um skólastarfið²¹². Foreldrar tengjast menntun barna sinna m.a. í gegnum heimanám þeirra. Þeir ákveða með börnum sínum umfang heimanáms og hvort nýta eigi lengda viðveru í námið.²¹³

Skólastjóri sendir reglulega upplýsingapistla í vefpósti til foreldra um daglega starfsemi skólans og atburði.²¹⁴ Ekki hafi allir, að sögn foreldra, tölvu og nettengingu en flestar upplýsingar eru veittar í tölvupóstssamskiptum eða með tilkynningum á heimasíðu skólans²¹⁵.

11.4. Mat úttektaraðila

- Foreldrar gætu tekið enn virkari þátt í skólastarfinu og ákvörðunum um það t.d. í skólaráði. Vegna smæðar samfélagsins getur stundum verið erfitt fyrir foreldra að koma með ábendingar um skólastarfið og því mikilvægt að nýttar séu formlegar leiðir eins og skólaráð.
- Fulltrúar foreldra hafa verið kosnir í foreldrafélag en það hefur hvorki haldið reglulega fundi né kosið sér formann. Víðfeðmt svæði hindrar á vissan hátt þátttöku þeirra en mikilvægt er að leita leiða til að efla félagið. Hugsanlega mætti nýta upplýsingatækni, t.d. Skype, fyrir fundi stjórnar félagsins.
- Gott samstarf virðist vera við grenndarsamfélagið en dregið hefur úr samstarfi við tómstunda- og æskulýðssvið. Það gæti skýrst af því að nemendur fái e.t.v. fullnægt félagsþörf sinni að mestu leyti í lengdri viðveru.
- Heimasíðu skólans mætti bæta enn frekar. En þar sem aðgangur foreldra að upplýsingum um skólastarfið er misjafn, þar sem ekki hafa allir foreldrar aðgang að tölvu eða nettengingu þarf einnig að huga að öðrum leiðum.

²⁰⁹ Lög um grunnskóla nr. 91/2008

²¹⁰ Athugasemdir skólastjóra maí 2012

²¹¹ Rýnihópur foreldra Öxarfjarðarskóla

²¹² Rýnihópur foreldra Öxarfjarðarskóla

²¹³ Rýnihópur kennara Öxarfjarðarskóla

²¹⁴ Afrit af pistlum skólastjóra til foreldra

²¹⁵ Rýnihópur foreldra Öxarfjarðarskóla

12. SÉRKENNSLA OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGS

Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.²¹⁶ Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram.²¹⁷

Skólaþjónusta Norðurlþings heldur utan um sérfræðiþjónustu til skólans og sérkennari er starfandi við skólann. Alls voru 13 nemendur af 40 (32,5%) sem hlutu sérkennslu á skólaárinu 2011 – 2012 þar af 12 með greiningu og einn vegna tungumálaörðugleika. Á sama skólaári hafði skólinn 32 kennslustundir til sérkennslu á viku og 44 stundir í vinnuframlagi vegna sérkennslu á viku²¹⁸. Almenn ánægja er meðal kennara með Skólaþjónustu Norðurlþings. Þó greina þeir frá því að heimsóknir starfsmanna hennar mættu vera tíðari og forföll bætt upp²¹⁹. Þeir sérfræðingar sem skólinn hefur aðgang að eru: Námsráðgjafi, kennsluráðgjafi, sálfræðingur, deildarstjóri málefna fatlaðra, iðjuþjálfari, sjúkraþjálfari og talmeinafræðingur. Að jafnaði koma sérfræðingar skólaskrifstofu á tveggja vikna fresti í skólann.

12.1. Fyrirkomulag og aðgengi

Sérfræðiþjónustan er, að sögn fræðslu- og menningarnefndar, skólaþjónustunnar og foreldra, kynnt foreldrum og öðrum hlutaðeigandi aðilum²²⁰. Að sögn skólaþjónustunnar eru dreifibréf send út og kynningarfundir haldnir til þess að kynna þjónustuna²²¹. Að sögn foreldra er aðgengi þeirra að þjónustunni gott svo og utanumhald með henni²²².

12.2. Eftirfylgni í framhaldi af greiningu

Að sögn skólaþjónustunnar eru skýrir verkferlar um eftirfylgni í framhaldi af greiningu. Þó hafi orðið einhverjir vankantar á eftirfylgni eftir að sérkennsluráðgjafi þjónustunnar lét af störfum²²³.

12.3. Nemendaverndarráð

Starfrækt er nemendaverndarráð við skólann. Ráðið skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, hjúkrunarfræðingur, héraðslæknir, fulltrúi félags- og skólaþjónustu ásamt umsjónarkennara / sérkennara viðkomandi barns²²⁴. Almennt eru haldnir þrír fundir á

²¹⁶ Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 17. gr.

²¹⁷ Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 40. gr.

²¹⁸ Skýrsla Óxarfjarðarskóla til Hagstofu Íslands vegna skólaársins 2010 - 2011

²¹⁹ Rýnihópur kennara Óxarfjarðarskóla

²²⁰ Fundur með fulltrúum skólaþjónustunnar og fulltrúum fræðslu- og menningarnefndar og rýnihópur foreldra Óxarfjarðarskóla

²²¹ Fundur með fulltrúum skólaþjónustunnar og fræðslu- og menningarnefndar

²²² Rýnihópur foreldra Óxarfjarðarskóla

²²³ Fundur með fulltrúum skólaþjónustunnar og fræðslu- og menningarnefndar

²²⁴ Litli vísir og stóri vísir 2011 – 2012, bls. 22

hverju skólaári. Að sögn stjórnenda hefur þó reynst erfitt að ná öllum fulltrúum þess saman. Fastir fundir ráðsins eru einu sinni á önn²²⁵.

12.4. Ráðgjöf til kennara

Skólinn fær ráðgjöf um skólastarf frá Skólaþjónustu Norðurbings. Skólaþjónustan setur við upphaf hvers skólaárs upp endurmenntunaráætlun sem samanstendur af tillögum starfsmanna þeirra skóla er hún þjónustar. Til dæmis stóð skólaþjónustan fyrir því að skólar, í þjónustu hennar, tækju þátt í samstarfsverkefninu *Byrjendalæsi* með Háskólanum á Akureyri²²⁶. Í endurmenntunaráætlun fyrir skólaárið 2011 – 2012 kemur m.a. fram fræðsla um námsmat, mat á skólastarfinu, gerð kennslu- og námsáætlana ásamt samkenndu í fámennum skólum²²⁷.

12.5. Sjúkrakennsla

Enginn nemandi við skólann hefur verið fjarverandi frá skólanum vegna langtíma veikinda. Því hefur aldrei reynt á hvort nemandur fái sjúkrakennslu líkt og reglugerðir það að lútandi segja til um²²⁸.

12.6. Skólaheilsugæsla

Skólaheilsugæsla í skólanum er í samræmi við ákvæði reglugerðar þar að lútandi. Markmið heilsugæslunnar er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsemin felur í sér skoðanir, bólusetningar og heilbrigðisfræðslu ásamt ráðgjöf til nemenda, foreldra og starfsfólks. Einnig situr hjúkrunarfræðingur skólaheilsugæslunnar í nemendaverndarráði²²⁹.

12.7. Mat úttektaraðila

- Aðgangur skólans og foreldra að sérfræðiþjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. Almenn ánægja kom fram með Skólaþjónustu Norðurbings.
- Skýrir verkferlar eru um eftirfylgni í framhaldi af greiningu, en einhverjir vankantar hafa komið fram eftir að sérkennsluráðgjafi lét af störfum. Gera má ráð fyrir að úr því leysist er ráðinn verður nýr sérkennsluráðgjafi.
- Skólinn fær ráðgjöf um skólastarf frá skólaþjónustunni sem hefur m.a. hvatt skólann til þátttöku í þróunarverkefnum og sett fram endurmenntunaráætlun.
- Skólaheilsugæsla er í skólanum í samræmi við ákvæði reglugerðar þar að lútandi. en ekki hefur reynt á að nemandur fái sjúkrakennslu.

²²⁵ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Óxarfjarðarskóla

²²⁶ Fundur með fulltrúum skólaþjónustunnar og fræðslu- og menningarnefndar

²²⁷ Litli vísir og stóri vísir 2011 – 2012, bls. 38

²²⁸ Svör skólastjóra vegna fyrirspurnar úttektaraðila 26. apríl 2012

²²⁹ Litli vísir og stóri vísir 2011 – 2012, bls. 32-33

13. MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólalahlds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi²³⁰. Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólalahlds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur.²³¹

Skólastefna Norðurbings var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Norðurbings í maí 2012. Unnið hefur verið að gerð hennar síðan 2008.²³² Að sögn fræðslu- og menningarfulltrúa Norðurbings hefur í endurskoðun hennar verið tekið tillit til nýrrar aðalnámskrár að nokkru leyti²³³. Lokadrög að starfsmannastefnu og nýrri jafnréttisáætlun liggja fyrir og bíða samþykktar.²³⁴

Sveitarfélagið hefur eftirlit með rekstri, starfsmannahaldi, skóladagatali og ársskýrslu Öxarfjarðarskóla. Áform eru uppi um að Norðurbing taki þátt í samstarfi um Skólapul. Áherslur sveitarfélagsins í rekstri skólans eru að hann haldi rekstraráætlun og að sögn fulltrúa sveitarfélagsins hefur rekstur skólans almennt gengið vel. Enn sé þó ágreiningur innan samfélagsins vegna sameiningar skólans árið 2008 og hafi það viss áhrif á skólastarfið. Ennfremur hafi heilsubrestur meðal starfsfólks skólans haft áhrif á rekstur hans vegna aukins launakostnaðar. Sveitarfélagið hefur ekki formlega fylgt eftir endurskoðun skólanámskrár, en fræðslu- og menningarfulltrúi hefur spurst fyrir og fylgst með.

Sveitarfélagið hefur ekki staðið fyrir því að ytra mat sé framkvæmt með formlegum hætti á þeim skólum sem eru á þeirra vegum.²³⁵ Framtíðarsýn bæjarstjóra Norðurbings er að leikskóli, grunnskóli og framhaldsskóli verði undir sama hatti. Hann vill sjá samfellu í gegnum öll skólastig og heildarsýn á öllum skólastigum.²³⁶

13.1. Mat úttektaraðila

- Sveitarfélagið hefur ekki staðið fyrir ytra mati á faglegu starfi skólans í samræmi við lög og aðalnámskrá. Mikilvægt er að úr því verði bætt sbr. lög um leik- og grunnskóla.
- Skólastefna sveitarfélagsins hefur nýverið verið samþykkt og mikilvægt er að framkvæmd hennar verði fylgt eftir innan skólans m.a. með námskrárgerð.

²³⁰ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 19. gr.

²³¹ Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 37. gr.

²³² Drög að skólastefnu Norðurbings

²³³ Athugasemdir frá sveitarfélaginu maí 2012

²³⁴ Fundur með bæjarstjóra og fræðslu- og menningarmálfulltrúa Norðurbings

²³⁵ Fundur með bæjarstjóra og fræðslu- og menningarfulltrúa Norðurbings

²³⁶ Fundur með bæjarstjóra og fræðslu- og menningarfulltrúa Norðurbings.

14. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

Í viðtölum voru stjórnendur, kennarar, starfsmenn, nemendur, foreldrar, skólaráð og fulltrúar sveitarfélags og skólaþjónustu spurðir út í styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri Öxarfjarðarskóla. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila ásamt mati úttektaraðila.

14.1. Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar	Veikleikar
Einstaklingsmiðað nám og skapandi skólastarf.	Ekki nægilegt samræmi í stjórnun og stefnumótun leik- og grunnskólastigs.
Stöðugur og samheldinn starfsmannahópur, fjölbreytt reynsla og menntun allra starfsmanna.	Skólanámskrá leikskóla hefur ekki verið endurskoðuð í takt við endurskoðun námskrár grunnskólans.
Samstarf milli nemenda og þátttaka í ákvörðunum um námið. Samstarf milli kennara í kennslunni.	Ekki samræmd útfærsla á <i>Uppeldi til ábyrgðar</i> í skólanum.
Smæð skólans, persónuleg þjónusta við nemendur.	Innra mat skólans og ytra mat sveitarfélag ekki fullnægjandi.
Vel tekið á málefnum sérkennslunemenda.	Endurmenntun kennara ekki nægileg. Ekki hafa allir kennarar réttindi til kennslu.
Nálægð við náttúruna sem nýtist í skólastarfinu.	Litlir möguleikar á félagslífi vegna fjarlægða og mikill tími nemenda fer í að sitja í skólabíl.
Lengd viðvera í grunnskólanum sem hefur jákvæð áhrif bæði á nám og félagsstarf.	Engin aðstaða fyrir heimilisfræðikennslu.
Samstarf milli grunnskóla og leikskóladeilda í þróunarverkefnum.	Mötuneyti skólans er í bráðabirgðahúsnæði.
Gott samstarf við grenndarsamfélag.	Öryggi barnanna ekki nægilega tryggt.
Góður árangur á samræmdum prófum.	Bókasafns – og bókakostur ekki nægur.
Ánægja foreldra og nemenda með skólann og almennt góður starfsandi.	Tölvukostur kennara ekki fullnægjandi.

14.2. Ógnanir og tækifæri

Ógnanir	Tækifæri
Fækkun barna, skortur á ungu fólki í samfélaginu. Fækkun starfsfólks í kjölfarið.	Ný skólanámskrá fyrir bæði skólastig.
Aukin útgjöld skólans vegna aksturs.	Nálægð við náttúruna, aukin nýting þjóðgarðar
Niðurskurður á fjárframlögum.	Mannauður skólans.
	Þróunarverkefni í samvinnu við aðra skóla þar sem skólinn m.a. miðlar reynslu sinni af samkennslu, einstaklingsmiðuðu og skapandi námi.
	Samstarf við foreldra og grenndarsamfélagið.

14.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þurfa skólinn og sveitarfélagið að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Auka þarf samræmi milli leikskóla og grunnskóla m.a. í stjórnun og stefnumótun. Skólastjóri taki þar faglega forystu. Skoða mætti hvort skólanum henti betur það stjórnskipulag að hafa skólastjóra og tvo deildarstjóra, sem sinni daglegri stjórnun, svo skólastjóri geti einbeitt sér enn frekar að faglegri forystu og samræmingu leik- og grunnskólastigs eins og hægt er eðli stiganna samkvæmt.
2. Ljúka þarf endurskoðun á skólanámskrá leikskóla og samræma námskrár beggja skólastiga út frá aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélagsins. Allir aðilar skólasamfélagsins komi þar að.
3. Samræma þarf útfærslu á *Uppeldi til ábyrgðar* ætli skólinn sér að styðjast við hugmyndafræðina.
4. Innleiða þarf heildstætt innra mat skólans og tryggja að það nái til alls skólans og aðila skólasamfélagsins.
5. Meta mætti með formlegum hætti ávinning og árangur þróunarverkefnis um lengda viðveru. Verkefnið gæti í kjölfarið orðið öðrum skólum og sveitarfélögum fyrirmynd svo og samstarfsverkefni við björgunarsveit.
6. Formlegir verkferlar um líðan þurfa að liggja fyrir svo og eineltisáætlun sbr. aðalnámskrá.
7. Ljúka þarf við starfslýsingar á leikskóla, móta stefnu um leikefni og efnivið og auka lýðræði barnanna sbr. aðalnámskrá leikskóla.
8. Virkja þarf betur foreldrafélag og skólaráð, sérstaklega fulltrúa nemenda og foreldra í skólaráði, og kynna fulltrúum betur hlutverk sitt.
9. Byggja þarf upp aðstöðu fyrir heimilisfræðikennslu þar sem hún er ekki til staðar.
10. Bæta þarf aðstöðu í mötuneyti sem nú er í bráðabirgðahúsnæði.
11. Bæta þarf bókakost og bókasafnsaðstöðu skólans.
12. Til að koma til móts við þarfir fyrir aukna endurmenntun mætti auka samstarf við aðra skóla t.d. í þróunarverkefnum og m.a. nýta upplýsingatækni í því skyni.
13. Huga þarf betur að öryggi barnanna m.a. á leiksvæði og leið þeirra að íþróttahúsi.
14. Sveitarfélagið tryggi að skólinn fari að skólastefnu þess og að ytra og innra mat fari fram sbr. lög um leik- og grunnskóla.

HEIMILDIR

- Aðalnámskrá leikskóla. 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.
- Aðalnámskrá grunnskóla. 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.
- Afrit af pistlum skólastjóra Öxarfjarðarskóla til foreldra. Gögn send Attentus-
mannauður og ráðgjöf af skólastjóra Öxarfjarðarskóla.
- Björgunarsveitarval. e.d. Gögn send Attentus- mannaúður og ráðgjöf af skólastjóra
Öxarfjarðarskóla.
- Brúum bilið. E.d. Sótt 20. apríl 2012 af
<http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/is/krilakot/bruum-bilid>
- Félagsmiðstöðin Beisið. e.d. Sótt 20. apríl 2012 af
<http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/is/nemendur/felagsmidstodin-beisid>
- Fundargerðir fræðslu- og menningarnefnd Norðurbings. Sótt 9. maí 2012 af
<http://www.nordurthing.is/is/stjornsysla/fundargerdir/fraedslu-og-menningarnefnd>
- Fundargerð Skólaráðs 7. maí 2012, gögn send Attentus- mannaúður og ráðgjöf af
skólastjóra Öxarfjarðarskóla.
- Drög að skólastefnu Norðurbings. e.d. Gögn send Attentus- mannaúður og ráðgjöf af
skólastjóra Öxarfjarðarskóla.
- Gagnalisti_Öxarfjarðarskóli. 2012. Gögn send Attentus- mannaúður og ráðgjöf af
skólastjóra Öxarfjarðarskóla.
- Greinagerð deildarstjóra. 2012. Grunnþættir menntunar, leiðarljós og námssvið. Gögn
send Attentus- mannaúður og ráðgjöf af skólastjóra Öxarfjarðarskóla.
- Krílakot. e.d. Sótt 20. apríl 2012 af <http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/is/krilakot>
- Litli vísir og stóri vísir. 2011 – 2012. Gögn send Attentus- mannaúður og ráðgjöf af
skólastjóra Öxarfjarðarskóla.
- Líðan og samskipti: Foreldrar. 2011. Gögn send Attentus- mannaúður og ráðgjöf af
skólastjóra Öxarfjarðarskóla.
- Líðan og samskipti: Nemendur. 2011. Gögn send Attentus- mannaúður og ráðgjöf af
skólastjóra Öxarfjarðarskóla.
- Líðan og samskipti: Starfsmenn. 2011. Gögn send Attentus- mannaúður og ráðgjöf af
skólastjóra Öxarfjarðarskóla.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008*
- Lög um grunnskóla nr.91/2008.*
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008
- Námsmatsstofnun. 2011. Meðaltöl einstakra skóla á samræmdum könnunarprófum. Sótt
20. apríl 2012 af
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/nidurstodur_2011/Medaltol_skola_2011.pdf
- Námskrá leikskóladeilda Öxarfjarðarskóla. e.d. Sótt 20. apríl 2012 af
<http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/is/krilakot/namskra>
- Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla.
- Reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóðar.
- Skólanámskrá. 2011 – 2012. Sótt 20. apríl 2012 af
<http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/is/skolinn/skolanamskra>
- Skráning og aðgerðaáætlun Öxarfjarðarskóla Lundi 1,2 og 3. 2011. Gögn send Attentus-
mannauður og ráðgjöf af skólastjóra Öxarfjarðarskóla.
- Skýrsla um eldvarnareftirlit Slökkviliðs Húsavíkur. 2010. Gögn send Attentus-
mannauður og ráðgjöf af skólastjóra Öxarfjarðarskóla.
- Skýrsla Öxarfjarðarskóla til Hagstofu Íslands. 2011. Gögn send Attentus- mannaúður og
ráðgjöf af skólastjóra Öxarfjarðarskóla.

Starfsfólk. e.d. Sótt 20. apríl 2012 af

<http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/is/skolinn/starfsfolk>

Starfslýsingar. e.d. Gögn send Attentus- mannauður og ráðgjöf af skólastjóra
Öxarfjarðarskóla.

Vefsíða Norðupings. e.d. Sótt 20. apríl 2012 af <http://www.nordurthing.is/>

Tónlistarskóli Öxarfjarðarhéraðs. e.d. Sótt 20. apríl 2012 af

<http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/is/skolinn/tonlistarskoli-oxarfjardarherads>

VIÐAUKAR

Viðauki 1. Viðmiðunarstundaskrá og skipting kennslustunda skv. aðalnámskrá 2011

Námsgreinar, námssvið	Heildartími í 1. - 4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Mínútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1120	680	630	2430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaíþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,90%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100%

Skipting kennslustunda í Öxarfjarðarskóla 2011 -2012 og 2010 - 2011

Námsgreinar Námssvið	1.-4. bekkur (mín)	5.-7. bekkur (mín)	8.-10. bekkur (mín)	Vikulegur kennslutími alls í mínútum
Erlent tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	Erlent tungumál er var ekki kennt skólaárið 2011-12, í 1.-4. bekk.)	480	720	720
Íslenska , íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál.	1200	600	630	2430
Skólaíþróttir	720	540	420	1680
Listgreinar – og verkgreinar s.s. tónmennt, myndmennt, hand mennt og hönnun og smíði.	1200	720	360 Fer að hluta til fram í vali að auki	2280
Heimilisfræði	Í lengdri viðv. í námskeiðsformi v/ aðstöðuleysis	Í lengdri viðv. í námskeiðsformi v/ aðstöðuleysis	Í lengdri viðv. í námskeiðsformi v/ aðstöðuleysis	
Náttúrufræði og umhverfismennt	240	360	360	960
Samfélagsgreinar og kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði og lífsleikni.	720	480	360	1560
Stærðfræði	960	600	630	2250
Upplýsinga- og tæknimennt	240	180	180	600
Val Lengd viðvera á viku fyrir hvern árgang eru 180 mínútur 180x10= 1800 mínútur að auki í val Val þá samtals=2700 fyrir námshópa	240 Hluti af vali fer í raun fram í lengdri viðveru (nám og í raun einnig kennsla	180 Hluti af vali fer í raun fram í lengdri viðveru (nám og í raun einnig kennsla)	480 Hluti af vali fer í raun fram í lengdri viðveru (nám og í raun einnig kennsla)	900
	Samtals 5520	Samtals 4140	Samtals 4140	13.800 mín 15600 mín á viku með lengdri viðveru

Viðauki 2. Dagskipulag leikskóladeildar á Kópaskeri 2011 – 2012.

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
7.45-8.15	Bókastund	Bókastund	Bókastund	Bókastund	Bókastund
8.15-9.00	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatu r
9.00-10.00	Leikstund	Leikstund	Leikstund	Leikstund	Leikstund
10.00-11.00	Útivera	Útivera	Íþróttahús	Útivera	Útivera
11.00-12.00	Söngur/ samvera	Söngur/ samvera	Söngur/ samvera	Söngur/ samvera	Söngur/ samvera
12.00-13.30	Matur/ Hvöld	Matur/ Hvöld	Matur/ Hvöld	Matur/ Hvöld	Matur/ Hvöld
13.30-14.00	Fínhreyfingar/ Verkefni	Fínhreyfingar/ Verkefni	Fínhreyfingar/ Verkefni	Fínhreyfingar / Verkefni	Fínhreyfingar / Verkefni
15.00-15.30	Síðd.hressing	Síðd.hressing	Síðd.hressing	Síðd.hressing	Síðd.hressing
15.30-16.00	Leikstund	Leikstund	Leikstund	Leikstund	Leikstund